



ÖBÍ
Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfundur 2002
Haldinn í funda- og ráðstefnusal ríkisstofnana,
Borgartúni 6, Reykjavík, laugardaginn 5. október.

YFIRLIT FORMANNS

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeim atriðum í starfi Öryrkjabandalags Íslands sem formanni virðist mest um vert að halda til haga, ekki síst gagnvart þeim aðalfundarfulltrúum sem ekki eru fulltrúar sinna félaga í aðalstjórn bandalagsins.

Ár það sem nú er liðið frá síðasta aðalfundi hefur e.t.v. ekki verið ár stórtíðinda á okkar vettvangi. Á hinn bóginn hefur það verið óvenju annasamt og mörg mikilsverð hagsmunamál verið til meðferðar, auk hinna fjölmörgu venjubundnu verkefna sem farið hafa heldur vaxandi á síðustu misserum. Einstaklingar, félagasamtök og opinberir aðilar virðast nú í vaxandi mæli leita álits, samráðs og samstarfs við bandalagið og má vafalaust rekja það að einhverju leyti til aukinnar umfjöllunar um samtök okkar og málefni á opinberum vettvangi.

Viðbrögð við nýjum skattalögum

Í kjölfar síðasta aðalfundar leitaði Alþingi eftir áliti Öryrkjabandalagsins á ríkisstjórnarfrumvarpi um breytingar í skattamálum sem fólust einkum í lækkun á sköttum fyrirtækja, hækkun á eignaskattfrelsmörkum einstaklinga ásamt lækkun á eignaskattspróscentunni sjálfri úr 1,2% í 0,6%, hertri skattheimtu gagnvart þeim tekjulægstu en á hinn bóginn talsverðri ívilnun gagnvart hátekjuskatti.

Formaður bandalagsins var af þessu tilefni kvaddur til fundar við efnahags- og viðskiptanefnd þar sem hann mótmælti því harðlega hvernig framangreindar breytingar sneru að einstaklingum enda gengju þær þvert á þá forgangsröðun sem Öryrkjabandalagið myndi vilja sjá. Hér væri fyrst og fremst verið að léttu sköttum af þeim sem mestar eignir ættu og hæstar tekjur hefðu. Til áréttingar máli sínu vísaði hann til ályktunar nýafstaðins aðalfundar þar sem vakin er athygli á því að með margvíslegum aðgerðum og aðgerðaleyssi hafi núverandi ríkisstjórn orðið þess valdandi að kaupmáttur öryrkja er almennt lakari í dag en hann var fyrir rúmum áratug, og að með raunlækkun skattleysismarka sé ríkisstjórnin sú fyrsta í sögu lýðveldisins sem innheimtir tekjuskatt af þeim sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga - bætur sem þó hafa dregist verulega aftur úr launaþróun. Á hinn bóginn fagnaði formaður þeirri ákvörðun stjórnvalda að koma nú loksins til móts við margítrekaða kröfu okkar um að falla frá skattlagningu húsaleigubóta, ekki síst með hliðsjón af þeirri neyð sem öryrkjar á almennum leigumarkaði búa við. Benti hann þó á að hér væri um óverulegar upphæðir að ræða í samanburði við þann rausnarhug sem fram kæmi í margra milljarða skattalækkunum gagnvart þeim sem hæstar tekjurnar hafa og mestar eignirnar eiga.

Ár fatlaðra 2003

Árið 1999 samþykktu Evrópusamtök fatlaðra tillögu þess efnis að árið 2003 skyldi helgað málefnum fatlaðra í Evrópu. Var því beint til ráðherranefndar Evrópusambandsins að svo yrði gert. Á vettvangi sambandsins var tillagan samþykkt.

Í apríl 2001 barst Öryrkjabandalagi Íslands bréf frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem greint var frá því að félagsmálaráðherra hefði ákveðið að haldið skyldi upp á árið 2003 hér á landi. Skyldi meginþema ársins vera „Vinnumarkaður fyrir alla“. Í bréfinu var vísað til góðrar reynslu af fjölskylduárinu. Þess var jafnframt getið að ýmislegt í tengslum við árið nýttist fleiri hópum en fötluðum og því þætti ekki rétt að einskorða atburði ársins eingöngu við fatlaða. Hefði því verið ákveðið að skipa nefnd fjölmargra samtaka, stofnana og ráðuneyta til þess að vinna að undirbúningi ársins. Sem dæmi má nefna Stéttasamband bænda, Samtök nýbúa, fulltrúa ýmissa ráðuneyta, samtök launþega o.s.frv. Var Öryrkjabandalag Íslands beðið að tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Þess skal getið að þegar hafði verið skipaður þriggja manna starfshópur til þess að undirbúa framkvæmd málsins og sátu þar m.a. tveir fulltrúar vinnueftirlitsins. Bandalagið svaraði með svohljóðandi tölvubréfi 24. maí 2001:

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist erindi yðar dags. 24. apríl 2001 vegna árs fatlaðra.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hyggjast aðildarríki Evrópusambandsins nota þetta ár til að vekja sérstaka athygli á atvinnumálum fatlaðra, sem eru um margt frábrugðin atvinnumálum almennt og vandamálum á vinnumarkaði - hér á landi meðal annars vegna jaðaráhrifa í almannatryggingakerfinu.

Öryrkjabandalagið fagnar því að félagsmálaráðuneytið hyggist taka þessi mál föstum tókum og er reiðubúið að leggja málinu lið með skipan tveggja fulltrúa í nefnd um atvinnumál fatlaðra. En til þess að árangur megi nást í þessu umfangsmikla, flókna og vandasama verkefni er óhjákvæmilegt að afmarka verkefnið alveg sérstaklega við þann hóp sem hér um ræðir. Með því að afmarka verkefnið ekki við þann hóp sem árið er helgað værum við, bæði ráðuneytið og Öryrkjabandalagið, að bregðast alvarlega þeim væntingum sem til okkar eru gerðar um þessi mál.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið bent á er Öryrkjabandalagið ávallt reiðubúið að taka þátt í að ræða atvinnumál í víðara samhengi, en slíkt má ekki undir nokkrum kringumstæðum verða á kostnað þess að verkefni okkar vegna árs fatlaðra verði ekki afmörkuð og tekin föstum tókum eins og nágrannaþjóðir okkar hyggjast gera. Annars staðar í Evrópu munu atvinnumál fatlaðra verða sett á oddinn vegna árs fatlaðra. Ástand mála hérlendis gefur okkur því miður ekki tilefni til að fara aðra leið.

Í trausti þess að farið verði að dæmi annarra Evrópulanda og verkefnið afmarkað við fatlaða og atvinnumál þeirra, hefur framkvæmdastjórn ÖBÍ ákveðið að tilnefna í verkefnisstjórn ráðuneytisins Garðar Sverrisson, formann bandalagsins, og Arnþór Helgason, framkvæmdastjóra þess.

Ekki barst svar við þessu bréfi og var fyrsti fundur nefndarinnar boðaður um miðjan október. Var þá haft samband við ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og skorað á hann að fresta fundi nefndarinnar á meðan þess yrði freistað að ná samkomulagi um framkvæmd ársins. Fallist var á þá beiðni.

Skömmu síðar var haldinn fundur í félagsmálaráðuneytinu með formönnum og framkvæmdastjórum Öryrkjabandalags Íslands og Þroskahjálpar. Þar kom fram að samtökin vildu algera endurskoðun á skipun nefndarinnar og að viðfangsefni ársins yrðu önnur en fram kom í bréfi félagsmálaráðuneytisins. Sögðust fulltrúar samtakanna einnig vænta þess að samið yrði um kjarabætur og lagasetningu í tengslum við árið. Starfsmenn félagsmálaráðuneytisins sögðust hafa rætt við félagsmálaráðherra um andstöðu samtakanna við tilhögun og meginþema ársins og yrði fallið frá því. Þeir töldu sig ekki hafa umboð til þess að heita endurskoðun laga og var ákveðið að efna til fundar með félagsmálaráðherra ásamt heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

Sá fundur var haldinn 14. nóvember síðastliðinn. Sátu hann auk formanna og framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar áður nefndir ráðherrar og fulltrúar nefndar þeirrar sem skipuð hafði verið af félagsmálaráðuneytinu í tilefni af ári fatlaðra. Þar var farið nánar yfir þetta mál. Fulltrúar ÖBÍ og Þroskahjálpar lögðu fram svohljóðandi bréf með tillögum að samstarfsgrundvelli að ári fatlaðra:

Samstarfsgrundvöllur vegna Evrópuárs fatlaðra 2003

Alvarlegasti vandi fatlaðra á Íslandi er sú fátækt sem fylgin er í bótafjárhæðum almannatrygginga – fátækt sem endurspeglast í:

- a) Litlu, lélegu og gjarnan heilsuspillandi húsnæði, húsnæðishraki og húsnæðisskortri.
- b) Einhæfu og óheilmæmu fæði.
- c) Stöðugum fjárhagsáhyggjum.
- d) Félagslegri einangrun, þar sem ríkisvaldið hamlar m.a. gegn því að öryrkjar stofni til hjúskapar og fjölskyldulífs.

Þótt hér sé aðeins stiklað á því helsta er ljóst að öll eiga þessi vandamál það sameiginlegt að stuðla að verulegum félags- og heilsufarsvanda, sem eru samfélaginu afar dýrkeypt. Með hliðsjón af verðlagi hér á landi, ekki síst á nauðpurftum, hafa samtök fatlaðra farið þess á leit við stjórnvöld að þau geri grein fyrir því

hvernig bótafjárhæðir almannatrygginga eigi að geta dugað til framfærslu. Ekki hafa enn borist svör við þessari málaleitan. Höfuðmarkmiðið með ári fatlaðra er að bæta lífsgæði fatlaðra og skila í þeim eignum árangri sem um munar. Hér á landi er mikilvægt að næstu mánuðir verði nýttir til að undirbúa aðgerðir sem hafa það að markmiði að bregðast við þeim margvíslegu búsigjum sem öryrkjar hafa orðið fyrir á undangengnum uppgangsrúmum í búskap þjóðarinnar. Meðal þess sem hér um ræðir er stóraukinn húsnæðiskostnaður, vaxandi sjúkrakostnaður af ýmsum toga, aukinn símakostnaður, hlutfallslega færri og að raungildi lægri styrkir til bifreiðakaupa, að ógleymdri raunlækkun skattleysismarka.

Ekki einungis verði létt af öryrkjum þeim viðbótarkostnaði sem þeir hafa orðið fyrir og þeim færð til baka réttindi sem þeir áður nutu, heldur verði jafnframt leitað leiða til að skila okkur Íslendingum fram á við í þessum mikilvæga málaflokki, eins og lög þar um gera raunar ráð fyrir.

Með hliðsjón af yfirlýstum baráttumálum samtaka fatlaðra, markmiðum sem m.a. liggja til grundvallar Viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna, má ljóst vera að ofangreindum áhersluatriðum er talsvert í hof stillt. Í því ljósi er óhjákvæmilegt að stjórnvöld komi til móts við fatlaða með tilteknum lágmarksaðgerðum sem staðfest gætu að aðilum er báðum full alvara í þeim ásetningi að vinna sameiginlega að markmiðum árs fatlaðra.

Til að ná saman um slíkan samstarfsgrundvöll eru samtök fatlaðra reiðubúin að fallast á að af hálfu stjórnvalda verði einungis gefin fyrirheit um þetta tvennt:

1. Verði fjárhæðir grunnlífeyris og tekjutryggingar ekki lagfærðar til samræmis við þróun lágmarkslauna frá og með 1. janúar 1995, þá verði þessir meginbótaflokkar a.m.k færðir til samræmis við þróun hinnar almennu launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Farið verði eftir nýjustu áætlun Félagsmálaráðuneytisins um eyðingu biðlista, áætlun frá árinu 2000 sem gerir ráð fyrir að framlög til verkefnisins aukist um 104 milljónir á næsta ári.

Heilbrigðis- og tryggingaráðherra tók þessum tillögum mætavel og sagðist fyrir sitt leyti mundu leggja þær fram í ríkisstjórninni. Skömmu síðar barst bréf frá félagsmálaráðherra þar sem hann sagðist mundi standa við þau loforð sem gefin hefðu verið um að útrýma biðlistum eftir þjónustu og húsnæði. Svör bárust hins vegar ekki frá heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

Í lok desember var boðað til fundar í framkvæmdanefnd um Evrópuár fatlaðra og var fundurinn haldinn 15. janúar síðastliðinn. Framkvæmdastjórn ákvað að senda ekki fulltrúa á fundinn enda var hann haldinn í óþökk samtaka fatlaðra. Næsti fundur var síðan boðaður 1. mars

síðastliðinn. Bréf barst frá ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins þar sem bandalaginu var tilkynnt að það fengi ekki aðild að starfshópum sem stæði til að mynda ef bandalagið sendi ekki fulltrúa á fundinn. Þá var reynt að rjúfa samstöðu aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins með því að bjóða einstökum félögum aðild að nefndinni. Þar á meðal var Geðhjálpar Formaður og framkvæmdastjóri Geðhjálpar fóru á fundinn og lásu upp yfirlýsingu þar sem þeir lýstu sig sammála afstöðu Öryrkjabandalagsins. Kröfðust þeir þess að málið yrði allt tekið upp að nýju. Síðan gengu þeir af fundi. Ekkert varð úr skipun starfshópa og framkvæmdanefnd um Evrópuár fatlaðra hefur ekki verið boðuð til fundar síðan.

Daginn áður en fundurinn var haldinn hittu formaður og framkvæmdastjóri ÖBÍ heilbrigðis- og tryggingaráðherra ásamt nokkrum embættismönnum og bar þetta mál þá enn á góma. Lýstu fulltrúar Öryrkjabandalagsins því yfir að klukkan tifaði og menn væru farnir að krefjast svara. Heilbrigðisráðherra kvað þess skammt að bíða að nauðsynleg gögn lægju fyrir en hann hefði ekki náð að leggja þetta mál fram í ríkisstjórninni.

Síðan hefur lítið gerst í málinu. Hinn 13. september síðastliðinn ákvað framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands að senda tryggingaráðherra eftirfarandi bréf og afrit þess til forsætisráðherra:

Virðulegi ráðherra.

Hinn 14. nóvember síðastliðinn áttu formenn og framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar fund með ykkur Páli Péturssyni, félagsmálaráðherra, um væntanlegt Evrópuár fatlaðra árið 2003. Á fundinum kom m.a. fram að undirbúningur ársins hefði verið byrjaður án samráðs við samtök fatlaðra og ekki hefði verið haft samráð við þau vegna meginefnis ársins. Á fundinum lögðu samtökin fram tillögu að samstarfsgrundvelli sem þau töldu æskilegt að samstaða tækist um á milli stjórnvalda og samtaka fatlaðra svo að undirbúningur ársins gæti hafist. Viðbrögð þín, virðulegi ráðherra, urðu fulltrúum samtakanna kærkomin en þú hést því að leggja þennan samstarfsgrundvöll fyrir ríkisstjórnina hið fyrsta.

Á fundi formanns og framkvæmdastjóra Öryrkjabandalags Íslands með þér og embættismönnum Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins hinn 28. febrúar síðastliðinn var enn farið yfir þetta mál. Þú taldir þá skammt að bíða þess að nauðsynleg gögn lægju fyrir og málið yrði lagt fyrir ríkisstjórn.

Í samtali við formann Öryrkjabandalagsins 13. maí sl. og framkvæmdastjóra þess 10. júlí síðastliðinn greindir þú frá því að niðurstöðu mætti vænta innan skamms.

Nú eru liðnir 10 mánuðir frá því að fundurinn sem áður var getið var haldinn í félagsmálaráðuneytinu. Enn bólar ekki á neinum viðbrögðum. Undirbúningur Evrópuársins er ekki hafinn þótt einungis séu rúmir 100 dagar til stefnu. Öryrkjabandalag Íslands hlýtur því að ætla að stjórnvöld hyggist ekki halda upp á Evrópuár

fatlaðra og greina sig þar með frá öðrum Norðurlöndum og flestum þjóðum Evrópska efnahagssvæðisins.

Á fundi aðalstjórnar Öryrkjabandalags Íslands 16. september síðastliðinn reifaði formaður bandalagsins þær leiðir sem færar eru til þess að halda upp á Evrópuár fatlaðra. Benti hann á að félög fatlaðra gætu haldið sameiginlega upp á árið með ýmsum hætti og boðaði að sérstakur fundur yrði haldinn um framkvæmd þessa. Þá greindi hann frá fundi formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins með fulltrúum úr velferðarnefnd Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 15. ágúst síðastliðinn. Á þeim fundi kom m.a. fram að Alþýðusambandið hafi áhuga á að velferðarmálin verði eitt af þeim málefnum sem kosningar til Alþingis á vori komanda snúist um. Á fundinum kom einnig fram að Alþýðusambandið væri reiðubúið til þess að taka þátt í samstarfi um Evrópuárið.

Bifreiðakaupastyrkir

Í maí 2001 skilaði nefnd heilbrigðis- og tryggingaráðherra tillögum að breyttri tilhögun styrkja til fatlaðra vegna bifreiðakaupa. Í nefndinni áttu sæti Jón Sæmundur Sigurjónsson, formaður nefndarinnar skipaður af ráðherra, Arnþór Helgason og Helgi Seljan, fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og Arnór Pétursson og Ragnar Gunnar Þórhallsson, fulltrúar Sjálfsbjargar. Var þess vænst að tillögur nefndarinnar yrðu teknar til afgreiðslu í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og nauðsynlegar breytingar gerðar á lögum um almannatryggingar á haustþingi til þess að hægt yrði að úthluta samkvæmt nýjum reglum.

Þrátt fyrir margítrekaðar fyrirspurnir bólaði ekki á aðgerðum ráðuneytisins. Hinn 7. júní síðastliðinn voru fulltrúar Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar boðaðir á fund í Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu þar sem drög að nýrri reglugerð um bifreiðakaupastyrki voru kynnt. Fundinn sátu auk embættismanna þeir Garðar Sverrisson, Arnþór Helgason, Ragnar Gunnar Þórhallsson og Arnór Pétursson. Í ljós kom að tillögum nefndarinnar um úthlutun styrkja til bifreiðakaupa hafði verið breytt mjög frá þeim tillögum sem nefndin skilaði af sér fyrir rúmu ári.

Í drögum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins er m.a. gert ráð fyrir að úthlutað verði fjórum sinnum á ári. Hámarksaldur styrkþega er hækkaður í 75 ár og fólki verður samkvæmt drögunum leyft að kaupa bifreiðar án tillits til aldurs þeirra. Fjöldi styrkja er ekki ákveðinn en upphæðirnar eru óbreyttar frá því sem verið hefur undanfarin tvö ár. Þá eru sett inn ákvæði um hæfni umsækjenda til þess að aka bifreið og mat á hjálpartækjum. Úthlutunarnefndin sem starfað hefur undanfarinn hálfan annan áratug er lögð niður og afgreiðslan flutt til starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins.

Öryrkjabandalagið var beðið að skila umsögn um þessi drög. Ákveðið var að senda ráðuneytinu lista með nokkrum spurningum sem svara þarf áður en hægt er að taka endanlega afstöðu til draganna.

Þótt hér virðist í fljótu bragði um réttarbætur að ræða verður að taka með í reikninginn að hækkun aldursmarka þýðir væntanlega mun fleiri umsóknir en áður. Ótakmarkaður fjöldi styrkveitinga á ári þýður þeirri hættu heim að fjármagn muni skorta. Því taldi bandalagið nauðsynlegt að fá úr því skorið hversu margar styrkumsóknir hefðu borist undanfarin ár og hve margir hefðu fengið úrlausn sinna mála. Þá skal einnig á það bent að hætt er við að ákvæði um styrkveitingar verði þrengd ef ásókn verður mikil.

Á fundi 14. ágúst síðastliðinn sem haldinn var í Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu var farið yfir spurningar og athugasemdir Öryrkjabandalags Íslands. Auk embættismanna ráðuneytisins sat fundinn Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Öryrkjabandalagið sendi auk formanns þá Ragnar Gunnar, Arnór og Arnþór. Var Öryrkjabandalaginu heitið því að svör yrðu tekin saman hið fyrsta.

Ljóst er að ekki verður úthlutað samkvæmt nýrri reglugerð á þessu hausti og óvíst hvenær yfirferð yfir drögin lýkur. Málið hefur því tekið óvænta stefnu vegna hinna miklu breytinga sem starfsmenn heilbrigðis- og Tryggingaráðuneytisins sáu ástæðu til að gera á því samkomulagi sem full sátt hafði orðið um í nefnd ráðherra sem fyrr var getið.

Samstarf við landlækni

Að viðbættum þeim góða skilningi sem Öryrkjabandalagið hefur mætt hjá verkalýðshreyfingunni er einkar ánægjulegur sá hljómgrunnur sem sjónarmið okkar hafa fengið hjá nýjum landlækni og embætti hans. Ber þar fyrst að nefna samstarf landlæknis við okkur og fleiri samtök um Átak gegn fordómum. Í kjölfar þess hefur embættið óskað samstarfs við bandalagið um þróun og kynningu klínískra leiðbeininga (clinical guidelines), en svo eru kallaðar kerfisbundnar leiðbeiningar um ákvarðanir sem lúta að klínískum leiðbeiningum í læknisfræði. Þær taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma og eru lagðar fram í því skyni að veita sem besta meðferð með sem minnstri áhættu og hagkvæmastri nýtingu fjármagns. Lögð er rík áhersla á að ná til og virkja þá sem málið varðar mest, svo að sjónarmið þeirra og hagsmunir séu sem best tryggð. Leiðbeiningar þessar eiga þó að byggjast sem mest á niðurstöðum klínískra rannsókna. En þar sem hér er um síbreytilega þekkingu að ræða þarf vitaskuld að endurskoða og uppfæra leiðbeiningarnar reglulega.

Á fundi sem haldinn var um þetta metnaðarfulla viðfangsefni í húsnæði Öryrkjabandalagsins þann 29. ágúst sl. var talsvert rætt um heilsuhagfræðilega hlið málsins. Í þeim umræðum kom fram góður og ríkur skilningur landlæknis og hans fólks á tveimur mikilvægum áhersluatriðum okkar. Í fyrsta lagi nauðsyn þess að upplýsa almenning betur um þau víðtæku verðmæti sem öflugt og aðgengilegt heilbrigðiskerfi skapar hverju samfélagi. Í öðru lagi að gera fólk, ekki hvað síst stjórnámálamenn, sér betur meðvitandi um þann margvíslega félags- og heilsufarslega sparnað sem óhjákvæmilega hlytist af því að létta mestu fátæktinni af öryrkjum. Er þetta raunar í ágætu samræmi við greinargerð með nýjum

lögum um Lýðheilsustöð Íslands. En þar segir m.a: „Þótt aldrei verði lögð nógu mikil áhersla á ábyrgð fólks á eigin heilbrigði er ljóst að samfélagið og stofnanir þess bera einnig ábyrgð og hafa viðtæk áhrif á heilsufar þjóðarinnar og einstakra hópa á hverjum tíma. Þannig hafa ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra þótt áhrifin séu ekki alltaf ljós þegar ákvörðun er tekin.“

Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Eins og sjá má í síðustu ársskýrslu er talsvert um liðið frá því að menntamálaráðuneytið fór þess á leit við Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp að þau sameinuðust um að taka við rekstri Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Þrátt fyrir kraftmikið undirbúningsstarf af hálfu okkar fulltrúa, þeirra Friðriks Alexanderssonar og Guðmundar Ragnarssonar, dróst nokkuð að koma þessar yfirtöku á. Það er því fagnaðarefni að nú loksins skuli mál þetta í höfn með formlegu samkomulagi við menntamálaráðherra um sjálfseignarstofnun þar sem stofnaðilarnir tveir, ÖBÍ og Þroskahjálp, skipa fjóra fulltrúa í stjórn. Af hálfu bandalagsins hafa verið skipaðir í stjórn stofnunarinnar þeir Þorsteinn Jóhannsson og Vilmundur Gíslason, sem varið hafa miklum tíma og vandaðri vinnu til að hrinda þessari starfsemi af stað. Er það von okkar og trú að stjórn fullorðinsfræðslunnar muni takast að gera það starf sem fyrir var enn betra og gera fleirum úr okkar hópi kleift að njóta þar fræðslu um hin margbreytilegustu svið mannlífsins.

Málefni fatlaðs háskólafélks

Seint á síðasta ári barst Öryrkjabandalaginu umkvörtun vegna atviks sem af okkar hálfu var litið á sem alvarlegt brot á sjálfsögðum rétti fatlaðs háskólastúdents. Í kjölfarið fengum við í hendur afrit af svokölluðum samningi Háskóla Íslands við fatlaða nemendur – „samning“ sem innihélt í raun einhliða skilyrði sem fötluðum nemendum var gert að undirgangast. Við ítarlega skoðun á þessum „samningi“ varð það niðurstaða okkar að þarna væru ákvæði sem ýmist eða allt í senn væru óréttlát, ónauðsynleg og niðurlægjandi. Af þessu tilefni óskuðu formaður og framkvæmdastjóri eftir fundi með starfsmönnum Háskóla Íslands, sem haldinn var 8. mars sl. Til fundarins komu af hálfu HÍ kennslustjóri, lögfræðingur og fulltrúi Námsráðgjafar. Féllust þeir á athugasemdir Öryrkjabandalagsins og hétu því að vinna að endurskoðun samningsins og hafa við það samráð við bandalagið. Hafa þeir nú sent okkur drög að stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra ásamt reglum og greinargerð. Í flestum atriðum er hér um að ræða afar jákvætt plagg sem endurspeglar skilning á málefnum fatlaðra. Höfum við einungis örfáar athugasemdir fram að færa sem ólíklegt má telja að ágreiningur verði um. Þegar þetta er ritað, þann 17. september, á þó Háskólinn enn eftir að senda okkur sjálfan samninginn til umsagnar.

Í framhaldi af þessu er rétt að geta þess að Öryrkjabandalagið hefur einnig þurft að beita sér vegna óvæginnar innheimtuaðgerða Lána-

sjóðs íslenskra námsmanna. Tildrög þessa er mál MS-sjúklings sem veiktist fyrir einum 7 árum en hélt þó atvinnu sinni um nokkurt skeið. Vegna breyttra aðstæðna stóð viðkomandi einn uppi með skuldir sem Lánasjóðurinn hefur innheimt á fremur óvæginn hátt. Er þar fyrst og fremst litið á skattframtal en ekki tekið tillit til gerbreyttra aðstæðna af völdum sjúkdóms og fötlunar. Þrátt fyrir atbeina Öryrkjabandalagsins, hagstæðan úrskurð bæði Umboðsmanns Alþingis og Málskotsnefndar LÍN, virðast forsvarsmenn sjóðsins ekki af baki dottnir í aðför sinni að foreldrum hins fatlaða og öðrum ábyrgðarmönnum. Með hliðsjón af því kappi sem stjórnendur LÍN hafa lagt á að ná sínu fram er full ástæða til að ætla að mál af þessu tagi eigi sér hliðstæður og fordæmi. Kannist aðalfundarfulltrúar við tilvik af sama toga er afar mikilvægt að bandalagið sé upplýst um það hið allra fyrsta, enda nauðsynlegt að koma viðunandi reglu á þessi mál áður en frekari vandræði hljótask af.

Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands

Í lok aprílmánaðar barst Öryrkjabandalaginu fréttatilkynning frá Kennaraháskóla Íslands þar sem tilkynnt var að Lestrarmiðstöð skólans yrði lögð niður frá og með 1. júní. Á vegum miðstöðvarinnar voru greindir lestrarörðugleikar hjá nemendum í grunn- og framhaldsskólum. Miðstöðin hafði starfað um 10 ára skeið. Í tilkynningu skólans sagði að lögð hefði verið áhersla á að þróa sérstakt próf til þess að auðvelda kennurum að greina nemendur með sértæka lestrarörðugleika. Þá sagði einnig að skólinn hefði ekki fengið þær 10 milljónir króna sem þyrfti til að halda uppi þessari starfsemi og að með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga væri um breytta ábyrgð að ræða. Skyldur ríkisins væru því ekki þær sömu og áður.

Vegna þeirrar tilvísunar til ábyrgðar sem fram kemur í málsrökum Kennaraháskólans er mikilvægt að við höfum í huga að þrátt fyrir flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga liggur hin lögformlega ábyrgð eftir sem áður hjá ríkisvaldinu. Það er því miður mjög útbreiddur misskilningur að með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna hafi ríkið fríð sig ábyrgð. Þótt verkefni séu fengin öðrum ber ríkið áfram þá skyldu að tryggja nemendum með sértæka lestrarörðugleika sömu þjónustu og áður. Mun Öryrkjabandalagið fylgjast grannt með þróun mála hvað þetta varðar.

Ný reglugerð um bifreiðastæði

Í kjölfar mótmæla Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar hefur Dómsmálaráðuneytið afturkallað bann við því að hreyfihamlaðir leggi bifreiðum við stöðumæla sér að kostnaðarlausu. Handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða er því á nýjan leik heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Er reglugerð þessi sett með hliðsjón af tilskipun í viðauka við EES-samninginn og undirrituð af Dómsmálaráðuneytinu þann 23. júlí sl.

Ráðstefna um fötlunarrannsóknir

Dagana 22. til 24. ágúst sl. tók Öryrkjabandalagið þátt í því að efna hér á landi til fjölmennrar og viðamikillar norrænnar ráðstefnu um fötlunarrannsóknir. Ráðstefnan var ekki aðeins sérstök fyrir þá sök hve vönduð og metnaðarfull dagskrá hennar var, heldur einnig og enn frekar fyrir það hve margir fatlaðir fræðimenn tóku þátt í henni, fræðimenn víðsvegar að úr heiminum. Að öðrum ólöstuðum vakti hvað mesta athygli framlag dr. Tom Shakespeare, sem kom hingað í boði Öryrkjabandalagsins og var m.a. gestur í sjónvarpsþættinum Kastljósi. Með skeleggum og framsæknum málflutningi sínum hefur dr. Shakespeare haft umtalsverð áhrif í heimalandi sínu, Bretlandi, einkum hvað varðar siðfræði lífvísinda. Framganga hans og annarra fatlaðra fræðimanna færir okkur heim sanninn um mikilvægi þess að fatlaðir sjálfir taki virkari þátt í rannsóknum á þessu sviði og hníga til þess augljós rök. Má í því sambandi minna á hve mikilvægt það hefur reynst kvennabaráttunni að konur sjálfar helgi sig rannsóknum í kvennafræðum. Óhjákvæmilega hlýtur þetta að leiða hugann að því hvort og þá hvað Öryrkjabandalagið getur gert til að hvetja fatlaða liðsmenn sína til náms á þessu sviði, t.a.m. með einhvers konar námstyrkjum eða launuðum verkefnum að loknu námi. Má ætla að með kynningu á þessari námsgrein, hvatningu og stuðningi gætum við lagt grunninn að enn öflugri baráttu – baráttu sem studd væri aukinni og víðtækari þekkingu í okkar herbúðum. Takist okkur að virkja ungt og efnilegt fólk úr okkar röðum gætum við innan örfárra ára verið komin með öflugan hóp íslenskra fræðimanna sem líklegt má telja að geti haft gríðarleg áhrif á baráttu okkar fyrir jafnrétti og auknum mannréttindum.

Hækkun póstburðargjalda

Hinn fyrsta júlí síðastliðinn hækkuðu póstburðargjöld mjög hér á landi. Einnig var gjaldflokkum breytt sem leiddi til þess að póstburðargjöld fyrir tímarit þrefölduðust. Íslandspóstur hefur boðið félögum, fyrirtækjum og stofnunum sérstakan afslátt á meðan viðkomandi eru að laga sig að hækkuninni. Fer afslátturinn lækkandi fram að áramótum 2004 þegar hann fellur að mestu leyti niður. Því er haldið fram að hvert og eitt félag þurfi að semja sérstaklega og fari kjörin eftir tíðni og eðli póstsendinga auk fjölda eintaka.

Fimmtudaginn 12. september síðastliðinn var haldinn fundur með ritstjórum og forráðamönnum flestra aðildarfélaga Öryrkjabandalags Íslands. Þá kom í ljós að samningar þeir sem Íslandspóstur hefur boðið eru mjög svipaðir. Fyrirsjáanlegt er að kostnaður vegna dreifingar tímarita, fréttabréfa og annars konar fjöldasendinga á vegum aðildarfélaga Öryrkjabandalags Íslands muni hækka um a.m.k. 10 – 15 millj. kr. á næstu tveimur árum verði ekkert að gert. Eftir hækkunina mun kostnaður við dreifingu Tímarits Öryrkjabandalagsins verða a.m.k. 5 milljónir króna á ári sem er rúm þreföldum á núverandi kostnaði.

Á fundi aðalstjórnar bandalagsins 16. september var ákveðið að beina því til allra aðildarféлага bandalagsins að þau riti Íslandspósti og samgönguráðherra og krefjist lækkunar á póstburðargjöldum. Þá var ákveðið að Öryrkjabandalag Íslands riti einnig slík bréf og að fulltrúar bandalagsins hefji viðræður við samgönguráðherra vegna þessa máls.

Þær röksemdir hafa komið fram að Íslandspóstur hafi greitt niður kostnað vegna útburðar blaða og tímarita og hafi önnur þjónusta fyrirtækisins í raun borið þennan kostnað. Einkaleyfi Íslandspósts til bréfaútburðar verður aflétt innan tveggja ára samkvæmt samningnum um EES. Telja forráðamenn fyrirtækisins sig þurfa að aðlaga það breyttum aðstæðum sem kunnir að skapast við breyttar forsendur á markaðinum.

Af erlendum samskiptum

Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins sótti ásamt Kolbrúnu Þorsteinsdóttur háttíðarfund á vegum Evrópusambands fatlaðra, sem haldinn var í Brussel 3. desember 2001. Meginefni fundarins var „Hönnun fyrir alla“. Fjallað var um þetta efni frá ýmsum hliðum, en Evrópusambandið hefur á undanförunum árum beitt sér mjög fyrir því að vörur, sem framleiddar eru og seldar í Evrópusambandslöndum séu sem aðgengilegastar. Hefur verið bent á að um fjórðungur íbúa geti ekki nýtt sér ýmsar nýjungar sem eru á markaðinum vegna þess að hönnun sé í einhverju áfátt. Hafa nú framleiðendur vaknað til vitundar um að hér er um verulegan hluta markaðarins að ræða sem rétt sé og hagkvæmt að taka tillit til.

Í tengslum við fundinn var haldin ráðstefna um atvinnumál. Í umræðum kom fram að regindjúp er á milli þess hvernig búið er að fötluðu fólki á almennum vinnumarkaði í Norður- og Suður-Evrópu. Atvinnuleysi fatlaðra er mikið í allri Evrópu og talið er að bæði þurfi hugarfarsbreytingu og mikla þjálfun ásamt tækniþróun til þess að bæta ástandið.

Aðalfundur Evrópusamtaka fatlaðra, EDF, var haldinn dagana 18. – 19. maí. Fundinn sóttu auk formanns, framkvæmdastjóri og Valgerður Auðunsdóttir. Kolbrún Þorsteinsdóttir var þeim til aðstoðar.

Í skýrslu Evrópusamtakanna fyrir starfsárið 2001 er víða komið við. Samtökin eru komin með fæturna víða og er ótrúlegt hversu vel hinu fámenna starfsliði þeirra hefur tekist að þoka málum áleiðis. Má nefna sem dæmi áætlanir um bætt aðgengi að samgöngutækjum en þar hafa Evrópusambandsríkin 18 mánuði til þess að laga sig að bættum reglum. Þá má einnig geta umræðu um siðferði í lífvísindum svo sem eyðingu fósra og líknardráp. Danski baráttumaðurinn og hæstaréttardómarinn Holger Kallehauge fjallaði á fundinum um hugmyndir að nýjum alþjóðasáttmála um réttindi fatlaðra sem yrði hliðstæða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mikil umræða fer nú fram um slíkan sáttmála en fulltrúi Mexíkó hjá Sameinuðu þjóðunum hefur lagt fram formlega tillögu á þingi SP um gerð hans.

Þá sótti framkvæmdastjóri fund norrænnar nefndar sem úthlutar fé til verkefna á vegum samtaka fatlaðra á Norðurlöndum. Er hér einkum um samstarfsverkefni að ræða.

Í lok janúar síðastliðins var haldinn fundur með starfsmönnum Öryrkjabandalags Íslands og Hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins. Forstjóri TR, Karl Steinar Guðnason, sat einnig fundinn. Var starfsemi miðstöðvarinnar kynnt og rakin þátttaka hennar í alþjóðlegu samstarfi. Í framhaldi þessa fundar skipaði framkvæmdastjórn Guðríði Ólafsdóttur fulltrúa bandalagsins í hjálpartækjanefnd miðstöðvarinnar. Þá sótti framkvæmdastjóri ásamt starfsmönnum Hjálpartækja-miðstöðvar TR og Grensásdeildar Landspítalans ráðstefnu í Noregi um hjálpartæki í bifreiðar. Á fundinum var farið yfir þær reglur sem gilda um úthlutun bifreiða og hjálpartækja fyrir fatlaða. Í ljós hefur komið að víða vantar nokkuð á að hjálpartæki nýtist til fullnustu þar sem kennslu í notkun þeirra er áfátt. Var lagður grunnur að frekara samstarfi Norðurlanda á þessum vettvangi.

Þá sótti framkvæmdastjóri fund forystumanna norrænna almannasamtaka sem haldinn var í Osló 3. september síðastliðinn. Auk hans sat fundinn af Íslands hálfu Guðbjörg Björnsdóttir, formaður Barnaheilla. Þar skiptust menn á skoðunum um starfsemi almannasamtaka, en þau eiga að ýmsu leyti undir högg að sækja í nútíma samfélagi.

Framlög stjórnvalda hafa farið minnkandi og þátttaka almennings er ekki eins mikil og áður. Í Svíþjóð hafa verið stofnuð sérstök samtök forystumanna almannasamtaka sem hafa það að markmiði að stuðla að hagnýtri fræðslu og veita mönnum tækifæri til þess að bera saman bækur sínar á ýmsum sviðum. Hafa samtökin einnig beitt sér fyrir umræðu um þessi mál á norrænum vettvangi. Þann 26. júní var haldinn hér á landi fundur nokkurra forystumanna almannasamtaka. Þar kom fram það gagn sem menn hafa af að bera saman bækur um fjáröflun, stjórnun og kynningu á starfi almannasamtaka og ýmislegt annað sem þessi samtök eiga sameiginlegt. Er gert ráð fyrir að framhald verði á slíkum umræðufundum.

Að viðbættu því sem hér hefur verið nefnt hefur formaður átt upplýsandi og gagnlegt samstarf við forystumenn heildarsamtaka fatlaðra á hinum Norðurlöndunum, en umræðan á þeim vettvangi skarast nú í auknum mæli við þá umræðu sem á sér stað á vettvangi Evrópusamtakanna. Eitt það athyglisverðasta sem fram hefur komið í okkar norræna samstarfi eru hugmyndir og tillögur Norðmanna um bætt lagaumhverfi fötluðum til handa. Sú aðferð sem þeir byggja á er í grundvallaratriðum frábrugðin hinni dönsku leið sem kennd hefur verið við „hinn góða vilja“ og endurspegladist í félagsþjónustufrumvarpinu sem ríkisstjórnin dró til baka á síðastliðnu vori, m.a. vegna andstöðu Öryrkjabandalagsins. Leið Norðmanna er í grundvallaratriðum sú sama og ÖBÍ hefur viljað fara hér heima, þ.e. að styrkja til muna sértæka löggjöf um málefni fatlaðra og hrinda í framkvæmd nákvæmlega

tímasettri vinnuáætlun um markmið og úrbætur á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Þessi leið sver sig mjög í ætt við þá leið sem farin hefur verið í Bandaríkjunum með góðum árangri, þ.e. að setja skýr og ótvíræð lagaákvæði um réttindi þess minnihlutahóps sem fatlaðir eru í stað þess að treysta á „hinn góða vilja“. Til að gera langa sögu stutta njóta viðhorf okkar og Norðmanna nú vaxandi stuðnings meðal Svía, Finna og jafnvel Dana, sem skynja glögg að aðferð þeirra er ekki það haldreipi sem menn áður hugðu, einkum hér á Norðurlöndum. Við þetta bætist síðan að viðhorf innan Evrópusamtakanna og Alþjóðasamtaka fatlaðra eru nú mjög á sama veg og þau sem Norðmenn hafa sett fram og við höfðum áður sett fram í aðdraganda umræðunnar um félagsþjónustufrumvarp ríkisstjórnarinnar. En í þeirri viðspyrnu var afar mikilvægt að kynnast reynslu og viðhorfum systursamtaka okkar á Norðurlöndum og innan Evrópusamtakanna. Mikilvægi slíkrar samvinnu verður seint ofmetið og nægir í því sambandi að minna á hve skjótt og drengilega systursamtök okkar og Alþjóðasamtök fatlaðra (DPI) brugðust við þegar orð stóð á móti orði í baráttu okkar fyrir því að Flugleiðir afturkölluðu nýsettar reglur sem takmörkuðu verulega ferðamöguleika fatlaðra. Um leið og forystumenn hinna erlendu samtaka lýstu því opinberlega yfir í íslenskum fjölmiðlum að Öryrkjabandalagið en ekki Flugleiðir færi með rétt mál um vinnureglur annarra flugfélaga lauk orrahríðinni snögglega með niðurstöðu sem var Flugleiðum til sóma og í samræmi við þá góðu þjónustu sem fyrirtækið hafði áður veitt fötluðum sem ófötluðum farþegum sínum.

Breytt fjárhagsáætlun

Eins og rakið hefur verið áður í skýrslum formanns var til langs tíma venja hjá ÖBÍ að tefla á tæpa stað vað við gerð fjárhagsáætlana. Á síðustu árum höfum við þó sýnt meiri varkárni og gætt þess að hafa lítilsháttar afgang við afgreiðslu fjárhagsáætlana, ekki síst í ljósi þess að bandalagið sjálft hefur verið eignalaust og óvíst að við getum gengið að lottótekjunum vísum lengur en þrjú ár til viðbótar. Nú er ekki nóg með að þessi fyrirhyggja hafi skilað okkur um þriðjung þess varasjóðs sem við teljum mikilvægt að byggja upp fyrir árslok 2005, heldur tæmdist okkur nærri 60 milljón króna arfur eftir fráfall Ólafs Gísla Björnssonar á liðnum vetri eins og landsmönnum öllum er í fersku minni. Þessi óvænta gjöf varð vitaskuld til að léttu af okkur mestu fjárhagsáhyggjunum.

Við þetta bætist að vegna endurtekinnar margföldunar á potti Íslenskrar Getspár er fyrirsjáanlegt að tekjur okkar á þessu ári fari a.m.k. 45 milljónum framúr áætlun og verði að raungildi nærri þeim tekjum sem bandalagið fékk úr lottóinu þegar best lét um miðbik síðasta áratugar. Í ljósi þessa samþykkti aðalstjórn þann 16. september sl. að auka framlag bandalagsins til hússjóðs síns um 35 milljónir á þessu ári og framlög til aðildarfélaganna um 50% eða 9.7 milljónir. Ekki þarf að hafa mörg orð um hve mikilvægt þetta er fyrir hússjóð okkar og aðildarfélögin, sem undirbúa nú aðgerðir sínar í tilefni árs fatlaðra 2003.

Að endingu vill formaður færa þakkir sínar og framkvæmdastjórnar til starfsfólks Öryrkjabandalags Íslands, starfsmanna hússjóðs, vinnustaða og starfsþjálfunar. Sú eindrægni og samstaða sem ríkir meðal starfsmanna er meira um verð en flest annað þegar standa þarf í eldlínu baráttunnar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÖBÍ,
Garðar Sverrisson, formaður.

ÁRSSKÝRSLA DJÁKNA 2002

Djáknaþjónusta felst í því að liðsinna þeim sem á þurfa að halda og styðja þá sem eru einmana, sjúkir eða félagslega einangraðir.

Þjónusta

Viðvera mín er á fimmtudögum frá kl. 10 til 16, sem er 15% starfshlutfall, auk umsjónar með gospelkvöldstundum einu sinni í mánuði.

Ég sinni aðallega sálgæslu með því að fara í heimsóknir og veita einkaviðtöl fram til kl. 15 en þá er ég með samverustund í setustofunni á fyrstu hæðinni í Hátúni 10a. Samverustundirnar byggjast aðallega á kristilegri íhugun, slökun og fyrirbænum.

Með aðstoð starfsmanna Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og Heimþjónustunnar hefur mér tekist að nálgast einstaklinga sem annars myndu ekki leita eftir stuðningi sjálfir. Jafnframt koma margir til mín af eigin frumkvæði og biðja mig um viðtal eða að ég líti inn til þeirra eða íbúa sem þeir hafa áhyggjur af og telja að hafi þörf fyrir að tala við mig. Eins og sést hér að framan þá fer tími minn aðallega í að sinna þeim sem búa í Hátúni 10, 10a og 10b. Ég er með fasta viðtalstíma fyrir fólk í Hátúni 12 og fer einu sinni í mánuði í heimsókn í þjónustumiðstöðina auk þess að heilsa upp á heimilismenn þar á hæðunum.

Gospelkvöldin hafa verið mjög vel sótt og eru þau orðin fastur liður í tilveru margra á svæðinu. Þorvaldur Halldórsson, söngvari, og Margrét Scheving, sálgæsluþjónn, sjá um tónlistina, en ég skipulegg kvöldin, fæ fólk utan úr bæ til að taka þátt í skemmtuninni og virkja íbúa svæðisins til þátttöku. Hússjóður Öryrkjabandalagsins lánar okkur salinn á 9. hæð í Hátúni 10, Unnur Hermannsdóttir hefur umsjón með eldhúsinu og Lauganeskirkja leggur til veitingar. Allir hafa reynt að hjálpast að við undirbúninginn og að aðstoða fólk á milli húsa. Gospelkvöldin voru fimm í vor, en verða þrjú nú í haust. Sú breyting verður í byrjun vetrarstarfs að Gospelsamveran flyst yfir á síðasta fimmtudagskvöld í mánuði í stað miðvikudagskvölds.

Guðþjónustur eru annan hvern sunnudag kl. 13 í þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar. Stundirnar eru vel sóttar, sérstaklega af þeim sem búa að Hátúni 12. Tel ég að kristileg þjónusta með vináttu og virðingu að leiðarljósi sé mikils virði fyrir íbúa svæðisins.

Reykjavík 16. september 2002,
Guðrún Kristín Þórsdóttir.

SKÝRSLA LÖGFRÆÐIRÁÐGJAFAR ÖBÍ

Á milli aðalfunda 2001 og 2002 var bókað 241 viðtal hjá lögfræðiráðgjöf Öryrkjabandalags Íslands. Auk þess er veitt ráðgjöf í gegnum síma og hefur fólk óspart nýtt sér þá þjónustu. Um fjölda símaerinda hefur ekki verið haldin nákvæm skráning. Þó er merkjanleg aukning hjá þeim hópi. Lögfræðiráðgjöfin er sem endranær í boði fyrir hádegi alla miðvikudaga í húsnæði Öryrkjabandalagsins við Hátún 10 í Reykjavík.

Hlutverk lögfræðiráðgjafar ÖBÍ er hugsað sem leiðbeinandi fyrsta ráðgjöf í þeim lögfræðilegu álitamálum sem kunna að hvíla á skjólstæðingum bandalagsins. Ráðgjöfin er bundin við opnunartíma skrifstofunnar og þau verk sem unnin verða á skrifstofunni. Þannig hefur ráðgjöfin ekki einungis verið munnleg heldur hefur eftirfylgni upp að vissu marki einnig verið á könnu lögfræðings. Mál eru þannig oft opnuð með bréfi frá lögfræðingi og ræðst þá af viðbrögðum við slíkum skrifum hvert framhaldið reynist. Komi til frekari úrvinnslu síðar sem ekki telst vera í verkahring lögfræðiráðgjafarinnar eða á hennar færi vegna skamms opnunartíma þá er viðkomandi ráðlagt að leita sér lögfræðiaðstoðar utan hennar. Ráðgjöfin er öryrkjum að kostnaðarlausu.

Ekki þykir rétt að fjalla um einstök mál sem komið hafa til kasta lögfræðiráðgjafar ÖBÍ. Þetta eru persónuleg viðfangsefni og er lögfræðingur bundinn trúnaði gagnvart þeim sem til hans leita. Málin snerta hins vegar allfesta málaflokka þar sem álitaeftni og ágreiningur getur komið upp á milli tveggja einstaklinga, einstaklinga og félaga eða stofnana. Í stuttu máli má segja að það séu sömu álitaeftni sem berast inn á borð lögfræðiráðgjafar ÖBÍ og inn á hverja aðra lögmannsstofu hér á landi. Þó eru mál er lúta að almannatryggingum, skattamál og lífeyrissjóðsmál eðli málsins samkvæmt fyrirferðarmeiri hjá lögfræðiráðgjöfinni en almennt. Þannig er skjólstæðingum ÖBÍ frjálst að bera undir lögfræðiráðgjöfina hvert það lögfræðilega álitaeftni sem upp kann að koma og mun verða á því tekið eftir föngum.

F.h. lögfræðiráðgjafar Öryrkjabandalags Íslands,
Jóhannes Albert Sævarsson, hrl.

VINNUSTADIR ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS

Skýrsla vegna starfseminnar 2001-2002

Stjórn: Jón Þór Jóhannsson formaður
Magnús Pálsson ritari
Elísabet Árnadóttir Möller meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Jóhannsson

Á árinu 2001 voru haldnir 5 stjórnarfundir auk jólafundar með forstöðumönnum vinnustaðanna.

Ársreikningur 2001

Rekstrargjöld vinnustaðanna voru á árinu 2001 kr. 55.5 milljónir, sem er aukning um kr. 7.9 milljónir frá árinu 2000. **Rekstrartekjur** voru aftur á móti kr. 46.4 milljónir eða 7.7 milljónum hærrí en 2000. Að teknu tilliti til framlags til starfseminnar frá ríkissjóði að upphæð kr. 10.7 milljónir var niðurstaða rekstrarreiknings kr. 1.3 milljón í hagnað. **Afskriftir** námu kr. 550 þús. Engin framlög komu frá ÖBÍ á árinu 2001. **Eignir** í formi fastafjármuna, viðskiptakrafna og vörubýrgða voru í lok árs 2001 kr. 18.6 millj. og hafa aukist um kr. 1.2 millj. frá árinu 2000. **Skuldir** í formi skammtímaskulda voru á sama tíma kr. 6.4 millj. og minnkuðu um kr. 1 milljón frá fyrra ári. **Eigið fé** í lok árs 2001 var um 12.2 milljónir króna. **Þjónustusamningur** sem gerður var við félagsmálaráðuneytið 1998 hefur verið endurnýjaður og gildir til loka árs 2006.

Endurnýjun véla og tækja

Á árinu 2001 voru endurnýjaðar vélar og tæki á Saumastofunni fyrir kr. 800 þúsund. Þessi kaup voru fjármögnuð af eiginfé vinnustaðanna.

Í janúar 2002 var tekin í notkun ný vél til áröðunar á prentplötum hjá Örtækni. Vél þessi mun gera okkur kleift að vera í fremstu röð í þessari tækni og viðhalda mikilvægum vinnuverkefnum sem unnin hafa verið í mörg ár fyrir fyrirtæki í rafeindaiðnaði.

Horfur í rekstri á árinu 2002

Mikið hefur verið að gera það sem af er árinu og horfur í rekstrinum eru góðar. Rekstur saumastofu hefur batnað verulega á þessu ári. Munar þar mestu um ódýrari innkaup á efnum til framleiðslunnar beint frá framleiðanda í Bretlandi. Góður hagnaður er af rekstri Örtækni eins og verið hefur. Rekstur ræstingadeildar er í góðu jafnvægi eins og áður. Ræstingaverkefni hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins gengur vel. Rekstraráætlun ársins 2002 gerir ráð fyrir nokkrum hagnaði af

starfseminni og bendir uppgjör fyrir fyrstu 8 mánuði ársins til þess að það muni ganga eftir.

Nýjungar í starfseminni á árinu 2001

Á árinu 2001 tók Örtækni yfir samsetningu, prófun og pökkun á stimpilklukkukerfum fyrir Hug hf. Þessu verkefni fylgja einnig viðgerðir á eldri kerfum.

Örtækni hóf nýverið viðgerðir og uppfærslu á eldri tölvum ásamt samsetningu á nýjum tölvum. Mikil þekking á tölvum og tölvukerfum hjá starfsmönnum Örtækni hefur gert þetta mögulegt. Örtækni mun taka þátt í tölvusýningunni Agora í Laugadalshöllinni á þessu hausti.

Starfsmannamál

Á árunum 2001-2002 hafa verið starfandi að jafnaði samtals 42 starfsmenn, 36 fatlaðir í 18 stöðugildum og 6 ófatlaðir í 5 stöðugildum.

Til fróðleiks

Á árinu 2001 greiddu Vinnustaðir ÖBÍ kr. 14.4 millj. til hins opinbera í formi virðisaukaskatts, staðgreiðslu og tryggingagjalds. Á árinu fengu vinnustaðirnir kr. 10.7 millj. í framlag úr ríkissjóði.

Það sem við köllum arð hins opinbera af starfsemi Vinnustaða ÖBÍ á árinu var kr. 3,7 milljónir. Sparnaður Tryggingastofnunar vegna skerðingar tekjutryggingar fatlaðra starfsmanna er ekki meðtalinn.

Reykjavík, 13. september 2002

Jón Þór Jóhannsson
Þorsteinn Jóhannsson

SKÝRSLA HÚSSJÓÐS ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS 2002

Stjórn Hússjóðs skipa:

Helgi Hjörvar, formaður

Hafliði Hjartarson, varaformaður

Jóhannes Ágústsson, gjaldkeri

Emil Thóroddsen, meðstjórnandi

Birkir J. Jónsson, fulltrúi félagsmálaráðuneytis

Framkvæmdastjóri: Anna Ingvarsdóttir.

Í skýrslu Hússjóðs til aðalfundar á sl. ári kom m.a. fram að við útreikning leigu hefur viðhaldspörf verið vanmetin um árabil. Stjórn Hússjóðs hafði þegar gripið til ráðstafana vegna þessa við útreikning leigu nýrra íbúða og endurúthlutun eldri íbúða, en ekkert aðhafst gagnvart gildandi samningum. Nú hefur Íbúðalánasjóður tekið tillit til þessara athugasemda við ákvörðun viðmiðunarleigu félagslegra leiguíbúða og hækkað hana úr 4.43% af stofnverði íbúðar í ársleigu í 6.09% fyrir íbúðir sem notið hafa lánafyrirgreiðslu með 1% vöxtum. Þessi hækkun viðmiðunarleigu þýðir að 10 millj. króna eign hækkar í leigu úr liðlega 37 þús. í 50 þús. krónur á mánuði. Þessar breytingar kalla á að á næstu misserum verði tekin afstaða til þess hvort hækka skuli leigu almennt til samræmis við nýjar viðmiðanir Íbúðalánasjóðs, enda verður þegar vart nokkurrar óánægju nýrra leigjenda með að leiga þeirra sem fyrir eru sé lægri.

Þá hefur farið fram nokkur umræða um viðmiðanir við útreikning leigufjárhæðar hjá leigufélögum. Þannig hefur til þessa verið miðað við kaupverð íbúða og leiga reiknuð sem hlutfall af því. Miklar sveiflur á fasteignaverði leiða þá til þess að sambærilegar íbúðir eru leigðar á mjög mismunandi verði eftir því hvort þær voru keyptar í góðæri eða hallæri. Virðist þannig að ýmsu leyti sanngjarnara að miða útreikning leigu við fasteignamat íbúða enda sé það samræmt mat á verðmætum þeirra eigna sem leigðar eru á hverjum tíma.

Hússjóður hefur á síðastliðnum árum lagt höfuðáherslu á viðhald eigna og varið til þess umtalsverðum fjármunum. Áhersla er lögð á að það húsnæði sem þegar er í útleigu sé til fyrirmyndar áður en ráðist er í umtalsverðar nýjar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Lokið er stærstu verkefnum á þessu sviði við Hátún 10a og 10b og framkvæmdir vel á veg komnar við Hátún 10 og Fannborg 1 í Kópavogi. Er þá ástand allra helstu eigna Hússjóðs orðið gott að kalla þótt enn þurfi að endurnýja innréttingar í talsverðum hluta íbúða.

Samstarf Hússjóðs við félagsmálaráðuneytið hefur gengið ágætlega og undið nokkuð upp á sig. Auk þeirra verkefna sem áður var samið um hefur Hússjóður boðist til að hlaupa undir bagga með útskriftir af Kópavogshæli, með kaupum fjögurra húsa fyrir allt að 20 einstaklinga. Nema fjárfestingar Hússjóðs um hálfum milljarði króna vegna

samstarfsins í árslok og munu skila á fimmta tug milljóna í leigutekjur á ári. Frá síðasta aðalfundi hafa verið afhent tvö ný sérhæfð sambýli við Barðastaði og Hólmasund í Reykjavík. Í undirbúningi er eitt slíkt í Hafnarfirði. Einnig verða tvö hús sem keypt hafa verið fyrir útskrift af Kópavogshæli tekin í notkun nú í nóvember.

Á biðlista Hússjóðs eru nú 385 einstaklingar og er það svipað og verið hefur. Gera má ráð fyrir að Hússjóður geti fjölgað úrræðum sínum um u.þ.b. 15 á ári og því ljóst að hann mun ekki einn leysa húsnaðisþörf öryrkja í landinu í fyrirsjáanlegri framtíð þótt vissulega muni um þau 580 úrræði sem hann veitir. Frá síðasta aðalfundi hafa 72 íbúðir verið endurleigðar, þar af 41 íbúð í Hátúni.

Á árinu var keypt íbúð með mjög gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða á Akureyri. Á Egilsstöðum var selt hús og annað sem fellur betur inn í þjónustu svæðisskrifstofu keypt í staðinn. Einnig var keypt íbúð (50%) með Krabbameinsfélaginu fyrir sjúklinga af landsbyggðinni sem koma í meðferðir á Landsspítala.

Árið 2001 var opnað þjónustusetur líknarfélaga að Hátúni 10b, en þar hafa aðsetur 9 félög. Er sú viðleitni til samstarfs og samnýtingar afar ánægjuleg. Á þessu ári hefur Hússjóður keypt eignina Skipholt 29 fyrir starfsemi klúbbsins Geysis, en klúbburinn hefur lagt 10 milljónir króna í Hússjóðinn. Klúbburinn hefur reynst þarft úrræði fyrir fjölda geðfatlaðra og eru félagar hans nú á annað hundrað.

Unnið hefur verið að endurskoðun skipulagsskrár Hússjóðs með það að markmiði að færa hana til nútímahorfs. Markmið endurskoðunar hefur verið að taka á álitamálum, tryggja heimildir fyrir einstökum verkefnum, skera úr um undir hvaða lögum rétt er að Hússjóður starfi, auka festu í setu stjórnar og tryggja samfellu.

Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað gott og ánægjulegt samstarf.

Helgi Hjörvar

SKÝRSLA HRINGSJÁR FYRIR AÐALFUND ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS 5. OKTÓBER 2002

Stjórn

Í stjórn Hringsjár eru Sveinn Rúnar Hauksson, Þóra Þórarinsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson, sem jafnframt er formaður.

Starfsmenn

Í Hringsjá starfa 13 starfsmenn. Auk forstöðumanns, sem einnig sinnir kennslu, eru 8 kennarar, flestir í hlutastörfum nokkra tíma á viku, náms- og starfsráðgjafi í fullu starfi, sálfræðingur í hlutastarfi, ritari og ræstitæknir. Þjónusta Hringsjár skiptist í aðalatriðum í tvo þætti, nám í starfsþjálfun og námskeið.

Starfsþjálfunin

Hver nemandi fær 4 - 6 kennslutíma á dag. Kennt er frá 8:45 til 14:40 fimm daga vikunnar á venjulegum starfstíma skóla. Haustönn stendur frá lokum ágúst til loka desember og vorönn frá byrjun janúar til loka maí. Reglulegt nám í starfsþjálfun er þrjár annir. Kennd er **íslenska, enska, stærðfræði, bókfærsla, myndlist, samfélagsfræði, tölvufræði og námstækni**. Einnig er unnið að **sjálfstyrkingu**, gerð **atvinnuumsókna** og veitt **ráðgjöf**.

Síðastliðið starfsár hefur verið fjölbreytilegt að vanda. Á haustönn 2001 stunduðu 39 nemendur nám, 12 luku þá þriðju önn með útskrift. Vorönn lauk síðan með formlegri útskrift 14 nemenda en 41 stunduðu þá reglubundið nám. Frá upphafi hafa nú 298 lokið a.m.k. einni önn. 222 nemendur í 21 hópi hafa lokið öllum þremur önnum.

Útskrift og inntaka er tvisvar á ári. Síðastliðið ár hafa umsóknir verið mjög margar sem endranær og töluvert fleiri en hægt hefur verið að sinna. **Þjónustusamningar**, sem nú eru í gildi, hljóða upp á 30 einstaklinga fyrir félagsmálaráðuneytið og 10 fyrir Tryggingastofnun ríkisins. **Tala nemenda í fullri dagskrá Hringsjár hverju sinni er komin í 40.**

Námskeiðin

Haldin eru námskeið fyrir aðra en reglubundna nemendur. Kennsla á námskeiðum fer fram eftir 14:30 á daginn svo og utan hefðbundins starfstíma skóla í júní og ágúst.

Árið 2001 voru tólf hópar á námskeiði í tölvunotkun (30 tíma), þar af var eitt námskeið fyrir sjónskerta haldið í samvinnu við Blindrafélagið. Tveir námskeiðshópar voru í bókhaldi og tölvunotkun (60 tíma). **Árið 2001 sóttu 110 manns í 14 hópum námskeið hjá Hringsjá.**

Þjónustusamningar kveða á um þrjú námskeiðshópa fyrir Tryggingastofnun en sex fyrir félagsmálaráðuneytið. Alls níu hópa. Fjöldi námskeiðshópa Hringsjár árið 2001, sem endranær, fór því töluvert fram úr gerðum samningum. Þörfin hefur þar ráðið för og eru þó alltaf biðlistar.

Annað starf

Heilagengið

Eins og undanfarin ár hittist í Hringsjá hópur fólks eitt kvöld í viku, sem kallar sig „heilagengið“ fólk sem á við heilavanda (áverka, áfall, æxli o.þ.h.) að etja, fyrrverandi og núverandi nemendur auk annarra með sama vanda sem slegist hafa í hópinn. Þetta er sjálfshjálparhópur, stækkandi hópur sem starfar af miklum áhuga og hefur þátttaka í hópnum skipt máli í lífi margra.

Fréttapjálfinn blað útskriftarnema, er nú unnið á netinu og birtist á heimasíðu Hringsjár (<http://www.hringsja.is>).

Evrópuverkefni, Empowerment

Hringsjá hefur verið þátttakandi í Leónardó Evrópusamstarfsverkefni sem nefnist „Empowerment“ og snýst um sjálfseflingu fatlaðra. Marín Jónasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, vann þar mikið og gott starf fyrir Hringsjár hönd. Þátttakendur voru auk okkar frá Írlandi, Frakklandi, Grikklandi og Ítalíu. Nú í ár lauk þessu verkefni og út er komin handbók í íslenskri þýðingu. Auk Marínar hafa tveir aðrir starfsmenn Hringsjár tekið beinan þátt í verkefninu. Handbókin hefur verið kynnt sérstaklega á vettvangi SVV. Ef áhugi er fyrir hendi er Marín fús til að miðla og kynna frekar það efni sem þarna var unnið.

Tölvumál

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi veitti Kiwanishreyfingin Hringsjá hluta af K-Lykils söfnunarfé ársins 2001, til kaupa á færanlegu tölvuveri. Þessi styrkur, 1.2 millj. kr. ásamt einnar millj. kr. styrk frá ÖBÍ árið 2001 og aftur sömu upphæðar á þessu ári, gerði kleift nú í vor að kaupa 15 fartölvur og tilheyrandi búnað sem gerir mögulegt að nota fartölvurnar þráðlaust hvar sem er í húsinu. Allir kennarar settust á námsbekk í vor til að efla tölvukunnáttu sína og nú eru fartölvurnar komnar í fulla notkun ekki aðeins til tölvukennslu heldur einnig í hinum ýmsu kennslugreinum. Þetta má kalla byltingu í allri tölvuvinnu og kennsluháttum, þökk sé Kiwanisfélögum og Öryrkjabandalaginu fyrir veittan styrk!

Viðhorf til starfsenduhæfingar Hringsjár

Í nýútkomnu Læknablaði má líta grein eftir Sigurð Thorlacius, Gunnar Guðmundsson og Friðrik Jónsson. Í þessari grein er sagt frá könnun Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands á viðhorfi matsþega Tryggingastofnunar Ríkisins til starfsendurhæfingar á vegum TR. Niðurstaða

könnunarinnar og umfjöllun í greininni er mjög jákvæð fyrir Hringsjá. Þar kemur m.a. fram að nemendur sem komið hafa í Hringsjá fyrir milligöngu TR og sótt hafa ýmist starfsþjálfunina alla eða einstök námskeið bera henni mjög vel söguna. Til dæmis segjast 84% þeirra sem sótt hafa tölvunámskeið Hringsjár og 80% þeirra sem verið hafa í starfsþjálfuninni vera mjög eða talsvert ánægðir með námsefnið.

84% þeirra sem sóttu tölvunámskeið og 100% þeirra sem verið hafa í starfsþjálfun Hringsjár sögðust ánægðir með starfsþjálfunina sem undirbúning fyrir starf.

Að lokum

15. starfsári Starfsþjálfunar fatlaðra, nú Hringsjár, fer senn að ljúka. Þann 6. október verða 15 ár liðin frá skólaþvingu í Starfsþjálfun fatlaðra á 9. hæð í Hátúni 10a. Þetta nýliðna starfsár hefur sem hin fyrri verið viðburðaríkt og spennandi. Nemendur hafa verið, sem ætíð fyrr, áhugasamir og gefandi í samstarfi.

Mjög lítið hefur verið um mannbreytingar í starfsliði Hringsjár þessi ár. Þar hefur ríkt trygglyndi og starfsmenn innt af hendi frábært starf af óbilandi áhuga. Þrátt fyrir að margir þeirra séu aðeins í hlutastörfum hefur liðsheildin verið samtaka og sterk. Þeim vil ég sérstaklega þakka, svo og stjórn Hringsjár, samstarfsfólki á skrifstofu ÖBÍ, Hússjóðs og Vinnustaða fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Guðrún Hannesdóttir

SKÝRSLA TÖLVUMIÐSTÖÐVAR FATLAÐRA

Starfsskýrsla þessi nær yfir tímabilið maí 2001 til maí 2002.

Inngangur

Tölvumiðstöð fatlaðra er í eigu sex aðildarféлага fatlaðra en þau eru Blindrafélagið, Félag heyrnarlausra, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Öryrkjabandalag Íslands. Þau mynda stjórn Tölvumiðstöðvarinnar. Félagsmálaráðuneytið hefur gert þjónustusamning við Tölvumiðstöð fatlaðra en fjárframlög til hennar hafa aðeins staðið undir einu stöðugildi sem óneitanlega setur henni þröngar skorður. Öryrkjabandalag Íslands hefur einnig veitt styrk til Tölvumiðstöðvarinnar undanfarin ár.

Meginverkefni eru ráðgjöf, mat, fræðsla og aðstoð við val á tölvubúnaði, forritum og sérbúnaði. Eitt af meginmarkmiðum Tölvumiðstöðvarinnar er að veita þjónustu á heimavelli skjólstæðinga, hvort sem það á við um heimili, skóla, stofnanir, sambýli eða annað. Þannig vinnum við í nánnum tengslum við skjólstæðinginn og þá sem honum standa næst. Fræðslufundir og námskeið eru haldin reglulega og eru vaxandi þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar.

Allir geta leitað til Tölvumiðstöðvarinnar óháð fötlun og aldri. Á síðasta starfsári sóttu 449 einstaklingar ráðgjöf og upplýsingar í smíðju Tölvumiðstöðvar fatlaðra. Þá hafði forstöðumaður samvinnu við 42 skóla og stofnanir. Þeir sem leita eftir ráðgjöf og fræðslu eru einna helst fagfólk og foreldrar en einnig fatlaðir á eigin vegum. Fagfólk sem leitar til Tölvumiðstöðvarinnar starfar í mismunandi kerfum, t.d. kennarar í leik-, grunn-, og framhaldsskólum, iðjubjálfar sem starfa með börnum eða fullorðnum, starfsfólk sambýla og endurhæfingarstofnana. Þannig tengist Tölvumiðstöðin nánast öllum þeim þjónustukerfum sem snúa að lífi og starfi fatlaðra.

Stjórn Tölvumiðstöðvar fatlaðra

Formaður: Vilmundur Gíslason, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra

Varaformaður: Emil Thóroddsen, Öryrkjabandalagi Íslands

Ritari: Hannes Sigurðsson, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra

Gjaldkeri: Halldór Sævar Guðbergsson, Blindrafélaginu

Meðstjórnandi: Jón Torfi Jónasson, Þroskahjálp

Meðstjórnandi: Ragna Guðrún Magnúsdóttir, Félagi heyrnarlausra

Starfsemin

Verkefni Tölvumiðstöðvarinnar eru mörg og hafa farið vaxandi á undanförunum árum í samræmi við aukna tölvunotkun almennings. Þjónustu hennar má flokka í eftirfarandi fjóra meginþætti:

- 1) Ráðgjöf sem felur í sér mat á þörf fyrir tölvubúnað, val á búnaði, prófun og leiðsögn í notkun búnaðar. Ráðgjöfin er

einstaklingsmiðuð og er unnin í samvinnu við aðila úr nánasta umhverfi skjólstæðingsins.

2) Ráðgjöf til hópa, s.s. kennara, iðjubjálfa, þroskabjálfa, foreldra og fatlaðra einstaklinga þar sem fram fer kynning á lausnum og/eða kennsla í að nota ákveðinn búnað og forrit sem nýst geta tilteknum hópi. Sífelld fleiri hópar telja það eðlilegan þátt í starfsemi sinni að leita reglulega til Tölvumiðstöðvar um ráðgjöf.

3) Námskeið og upplýsingamiðlun. Tölvumiðstöðin leitast við að fylgjast vel með nýjungum í tækni, notkun og aðferðum. Haldin eru námskeið reglulega þar sem upplýsingum er miðlað, fólki leiðbeint og það hvatt til notkunar með það að leiðarljósi að búnaðurinn komi að sem bestum notum. Fræðslufundir og námskeið eru vaxandi þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar.

4) Tengslahlutverk, samþætting. Tölvuvæðing og tölvunotkun hefur stórauðist á undanförunum árum. Samráð og upplýsingastreymi milli aðila verður því sífelld mikilvægara. Tölvumiðstöðin leggur áherslu á að aðilar sem tengjast einstökum málum vinni saman að settu marki og að samræming sé milli aðgerða. Hvatning og leiðsögn varðandi það hvernig búnaður og forrit nýtast einstaklingnum sem best þarf að vera stöðugt virkt ferli.

Þessir fjórir meginþættir í starfsemi Tölvumiðstöðvarinnar vega nokkuð jafnþungt og hafa þeir allir farið vaxandi á undanförunum árum. Í upphafi starfseminnar var ráðgjöfin kannski sá þáttur sem vó þyngst en þörf á þætti þrjú og fjögur fer sífelld vaxandi.

Ráðgjöf

Tölvumiðstöð fatlaðra veitir ráðgjöf og leiðbeinir um val og notkun á tölvubúnaði, forritum og sérútbúnaði fyrir fatlaða. Hún þjónar öllum hópum fatlaðra. Einnig er veitt ráðgjöf til skóla og annarra stofnana.

Forstöðumaður hefur á starfsárinu leiðbeint um val, notkun og möguleika mismunandi tækniúræða til alls 172 einstaklinga og haft samvinnu við 42 skóla og stofnanir. Þroskabjálfanemar, iðjubjálfanemar, djáknemar og kennaranemar hafa komið í Tölvumiðstöðina og fræðst um þjónustu miðstöðvarinnar og tækninýjungar.

Heimsóknir einstaklinga

Kennarar/leikskólak.	30
Þroskaþjálfar	10
Iðjuþjálfar	19
Fatlaðir fullorðnir	13
Börn	20
Talmeinafræðingar	6
Nemar	42
Aðrir	4
<hr/>	
Samtals	172

Ráðgjöf til skóla og stofnana

Tölvumiðstöðin veitir ráðgjöf til skóla og stofnana. Ráðgjöfin hefur ýmist farið fram í miðstöðinni og/eða úti í hinum einstöku skólum og stofnunum. Ráðgjöfin getur falist í einni heimsókn eða fleiri. Eitt af meginmarkmiðum Tölvumiðstöðvarinnar er að veita þjónustu á heimavelli skjólstæðinga, hvort sem það á við um heimili, skóla, stofnanir, sambýli eða annað. Þannig vinnum við í nánum tengslum við skjólstæðinginn og þá sem honum standa næst. Samvinna og samþætting fagaðila sem tengjast einstökum málum er forsenda þess að vel takist til.

Skólar:	Leikskólar:
Foldaskóli	Furugrund, Kópavogi
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, starfsbraut	Krakkakot, Álftanesi
Garðaskóli Garðabæ	Kópasteinn, Kópavogi
Gerðaskóli, Garði	Múlaborg, Reykjavík
Grunnskóli Sandgerði	Sólbrekka, Seltjarnarnesi
Grunnskóli Húsavík	Víðivellir, Hafnarfirði
Hamraskóli	
Háskólinn á Akureyri, iðjuþjálfunarbraut	
Hlíðaskóli	
Réttarholtsskóli	
Safamýrarskóli	
Varmárskóli	
Vesturhlíðaskóli	
Ölduselsskóli	
Öskjuhlíðarskóli	

Forstöðumaður hefur haft samvinnu við 42 skóla og stofnanir.

Stofnanir

- Landsspítali, háskólasjúkrahús í Fossvogi, barnadeild
- Grensásdeild
- Greiningarstöð
- Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- Leikfangasafn Vestmannaeyjum
- Lyngás
- MS dagvist
- Iðja, Hafnarfirði
- Reykjalundur, iðjuþjálfun og talmeinafræðingar
- Sambýli Marbakka
- Sjálfsbjörg, iðjuþjálfar
- Sjónstöð Íslands
- Skólaskrifstofa Mosfellsbæ
- Skólavörubúðin
- Sóltún
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
- Svæðisskrifstofa Reykjaness
- Svæðisskrifstofa Reykjavíkur
- Verndaður vinnustaður á Selfossi
- Talþjálfun Reykjavíkur
- Þroskahjálp á Suðurnesjum

Ráðgjöf sem eingöngu fer fram í gegnum síma eða í tölvupósti er ekki talin hér með. Fyrirspurnum í tölvupósti hefur fjölgað á starfsárinu.

Námskeið og fræðslufundir

Tölvumiðstöð fatlaðra leggur áherslu á að kynna þjónustu sína og nýjungar á sviði tölvu- og tækniþjónu sem nýtist fötluðum. Haldin eru reglulega námskeið og fræðslufundir á vegum miðstöðvarinnar um tækniúrræði, notkun tækninnar og ýmis tengd málefni. Námskeiðin eru ætluð foreldrum og fagfólki. Einnig eru haldin námskeið í samvinnu við aðrar stofnanir. Alls voru haldin 17 námskeið undir yfirskriftinni „PowerPoint á nýja vegu“ og „Forrit og búnaður“. Alls sóttu 117 námskeiðin.

Forstöðumaður hélt tvö tölvunámskeið í samvinnu við Kristínu Eyjólfsdóttur þroskaþjálfara hjá Styrktarfélagi vangefinna og voru þátttakendur 10 fullorðnir sem búa á sambýlum eða á eigin heimilum með stuðningi.

Fræðslufundir og fyrirlestrar

- Umsjónarfélag einhverfra: fræðslukvöld um tölvur í þágu einhverfra, um 40 sóttu fundinn.

Leikfangasöfn á Íslandi: haustfundur fræðsla og kynning í Tölvumiðstöð fatlaðra. 17 sóttu fundinn.

- Kennarar Safamýrarskóla: kynning og fræðsla í Tölvumiðstöðinni. 22 kennarar.
- Námskeiðsdagar leikskólanna í Mosfellsbæ: fyrirlestur. Um 40 starfsmenn.
- Sambýlið Marbakka: fræðslufundur í Tölvumiðstöðinni 11 starfsmenn.
- Fræðslufundur með sérkennurum haldið í Skólavörubúðin: Um 10 sérkennarar sóttu fundinn.
- „Blinda og alvarleg sjónskerðing“: haldið í Tölvumiðstöð fatlaðra í samvinnu við Greiningarstöð, um 10 sóttu námskeiðið.

Alls sóttu 277 námskeið eða fræðslufundi starfsárinu.

Nýr búnaður

Tölvumiðstöðin leggur á það áherslu að sem flestum sé gert kleift að nýta sér þá miklu möguleika sem geta falist í tækninýjungum. Til að tæknibúnaður komi að notum þarf hann að vera til staðar til prófunar svo og þekking, leiðsögn og samvinna við tengda aðila. Leitast er við að hafa gott úrval af tölvutengdum búnaði til prófunar. Nýr búnaður sem keyptur hefur verið inn á tímabilinu; Höfuðstýrð mús, lyklaborð sem hægt er að stilla, snertilyklaborð, keypt inn af Blindrafélaginu, ýmiss forrit fyrir sérkennslu.

Samvinnuverkefni:

Tölvur fyrir blind og alvarlega sjónskert börn Í starfsskýrslu síðasta árs var sagt frá myndun vinnuhóps með fulltrúum frá Blindrafélaginu, leikfangasafni Greiningarstöðvarinnar, Sjónstöð Íslands og blindradeild Álftamýrarskóla. Markmið hópsins var að kanna og skiptast á skoðunum um það hvernig styrkja mætti tölvunotkun blindra og alvarlega sjónskertra barna á Íslandi.

Blindrafélagið keypti inn snertilyklaborð frá Svíþjóð sem nota á í tölvuþjálfun tveggja blindra leikskólabarna. Námskeið hefur verið haldið um notkun snertiborðsins og er ráðgert að starfið fari í fullan gang út í leikskólum viðkomandi barna haustið 2002.

Samráðshópur

Forstöðumaður heldur reglulega samráðsfundi með Sylvíu Guðmundsdóttur hjá Námsgagnastofnun og Snæfríði Egilson lektor við Háskólann á Akureyri, iðjuþjálfunarbraut

Niðurlag

Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari hefur Tölvumiðstöð fatlaðra átt samvinnu við marga aðila á starfsárinu. Lögð er áhersla á að svara þeim beiðnum um ráðgjöf og upplýsingar sem til hennar koma. Það er þó ekki síður á hennar verksviði að benda á nýja möguleika, vekja nýjar

hugmyndir og leita nýrra leiða til að nýta tölvutæknina sem best í þágu fatlaðra. Þegar horft er til framtíðar þá mun Tölvumiðstöðin gæta þess vel að þessi þáttur starfseminnar vegi þungt.

Þau fjölbreyttu störf sem unnin eru af Tölvumiðstöð fatlaðra þarf enn að efla og styrkja. Til þess að svo megi verða er augljóst að fjölga þarf starfsfólki. Stjórn Tölvumiðstöðvarinnar hefur áður ályktað um að miðstöðin þurfi að fá til liðs við sig iðjuþjálfra og sérkennara með tölvuþekkingu til að geta sinnt og þróað þjónustu í tengslum við öll þau verkefni sem þá væri kleift að takast á við. Um haustið 1999 flutti Tölvumiðstöðin starfsemi sína í Hátún 10a, níundu hæð. Þar er aðstaða öll góð og rými fyrir fleiri starfsmenn.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipaði vinnuhóp til að líta á tölvumál fatlaðra barna. Skýrsla vinnuhópsins liggur nú fyrir. Í henni kemur fram að vinnuhópurinn telur að efla þurfi ráðgjöf, kennslu og eftirfylgd með tölvumálum fatlaðra. Vinnuhópurinn telur heppilegast að efla Tölvumiðstöð fatlaðra til að sinna því hlutverki og leggur til að stofnanir innan heilbrigðis- og menntamála geri þjónustusamning við Tölvumiðstöðina í þeim tilgangi. Stjórn Tölvumiðstöðvar fatlaðra fagnar mjög niðurstöðu vinnuhópsins og væntir þess að þjónustusamningar við aðila auk félagsmálaráðuneytis stuðli að nauðsynlegri þróun og uppbyggingu starfs Tölvumiðstöðvar fatlaðra.

Reykjavík 31. maí 2002

Sigrún Jóhannsdóttir, forstöðumaður

SKÝRSLA FERLINEFNDAR ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS 2001 - 2002

Árið 2001 ákvað Norræna nefndin um málefni fatlaðra að veita aðgengisverðlaunin einhverju safni á Norðurlöndum sem skaraði fram úr vegna aðgengis. Einungis eitt safn hér á landi, Listasafn Reykjavíkur, sendi inn umsókn um aðgengisverðlaun. Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, sem átti sæti í úthlutunarnefndinni, hafði samband við forráðamenn nokkurra safna og spurðist fyrir um aðgengi, en áður hafði Hafdís Gísladóttir haft samband við fjölda íslenskra safna og vakið athygli á þessum verðlaunum.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, svaraði bréfi Öryrkjabandalagsins með því að óska eftir samvinnu við bandalagið vegna aðgengis í Þjóðminjasafni. Framkvæmdastjórn ákvað að tilnefna þrjá fulltrúa í samvinnunefnd með forsvarsmönnum Þjóðminjasafnsins. Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina: Hafdís Gísladóttir formaður, frá Félagi heyrnarlaustra, Lilja Sveinsdóttir frá Blindrafélaginu og Sigurrós M. Sigurjónsdóttir frá Sjálfsbjörg. Guðríður Ólafsdóttir félagsmálafulltrúi hefur starfað með nefndinni og ritað fundargerðir.

Af hálfu Þjóðminjasafnsins eru í nefndinni Margrét Hallgrímsdóttir, Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Sigurborg Hilmarsdóttir. Einnig hefur mætt á fund Ólafur Þ. Hersisson til að gera nefndinni grein fyrir þeim atriðum sem snúa að hönnun hússins. Þrír fundir hafa verið haldnir með starfsmönnum Þjóðminjasafnsins.

Nefndin er enn í samvinnu við safnið og samkvæmt þeim upplýsingum sem fengist hafa hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem ferlinefndin gerði. Enn er ekki farið að vinna að hönnun á sýningarsölum og mun nefndin taka þátt í því starfi þegar þar að kemur.

Á starfsárinu hafa verið haldnir fjórir fundir í sjálfri nefndinni og einn með fulltrúa Landspítala Háskólasjúkrahúss og annar verið boðaður þegar þetta er ritað.

Ferlinefndin gerði lista með helstu atriðum vegna aðgengis sem taka þarf tillit til og er hann birtur hér.

Gátlisti – aðgengi heyrnarskertra/ heyrnarlaustra

Fyrir einstaklinga sem eru heyrnarskertir er góð hljóðeinangrun afar mikilvæg. Svæði þar sem bergmál er mikið, niður í t.d. viftum, surg þegar stólar eru dregnir til eða gengið í tröppum eru heyrnarskertum mjög erfið. Heyrnartækið nemur öll hljóð. Öll aukahljóð valda því truflun og þar með möguleika þess heyrnarskerta til að heyra þegar verið er að tala. Auk þess hafa þessi aukahljóð áhrif á líðan einstaklinganna sem oft þreytast og þola illa við í húsnæði þar sem hljóðeinangrun er léleg.

Heyrnarskertir þurfa að sjá framan í þann sem talar til að skilja það sem verið er að segja. Of sterk birta t.d. frá sólarljósi, skuggar sem

myndast eða of lítil birta kemur í veg fyrir að heyrnarskertir geti fylgst með og skilið þann sem er að tala.

Heyrnarlausir þurfa einnig góða lýsingu til að geta séð þann sem er að tala táknmál. Leiðsögumenn og túlkur þurfa því að vera þar sem góð lýsing er og upphækkun (ath. túlkur gæti verið hreyfihamlaður).

Til þess að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti nýtt sér þær sýningar sem settar eru upp og haft gagn að leiðsögn þarf eftirfarandi að vera fyrir hendi:

1. Góð hljóðeinangrun með litlum sem engum auka umhverfishljóðum (ath. stiga, gólfefni, viftur, hátalarakerfi, bergmál o.s.frv.)
2. Tónmöskvar og fm-tæki í fyrirlestrarsölum, við sýnikennslu þar sem sýndar eru bíómyndir/myndbönd og veitt leiðsögn. Hentugast að hafa þennan búnað hreyfanlegan.
3. Leiðsögn, sýnikennsla, fyrirlestrar með táknmálstúlk
4. Ljósastari sem beint er að túlkum og leiðsögumönnum í sölum þar sem lítil birta er.
5. Textun á myndböndum og kvikmyndum (íslenskum sem erlendum).
6. Mikilvægar upplýsingar séu alltaf myndrænar, t.d. neyðarútgangar, upplýsingar o.s.frv.
7. Hljóðritaðir leiðarvísar þannig að heyrnarskertir geti líka nýtt sér þá (möguleiki á hækkun líkt og í sínum).
8. Upplýsingar um sérútbúnað, túlkun og leiðavísa þurfa að vera sýnilegar um leið og komið er inn á safnið.
9. Starfsfólk sem hefur þekkingu á aðgengismálum og þeim hjálpartækjum sem safnið hefur upp á að bjóða.
10. Aðili sem hefur umsjón með hjálpartækjum og sér til þess að þeim sé haldið við.

Gátlisti – aðgengi blindra og sjónskertra

Utandyra

1. Aðgengi að húsi sé gott (kantsteinn eða handrið sem leiðir fólk örugglega að dyrum).
2. Góð lýsing að og við húsið.
3. Ef þrep við inngang eru tvö eða fleiri þarf að vera handrið.
4. Merkingar, aðvörun t.d. skilti, hurð, hljóðmerki við dyr.

Innandyra

1. Gólfefni sé t.d. tvílitað með aðal- og aukalit sem er leiðandi um safnið (má hafa samráð við Sjónstöð Íslands, sími 545-5800).
2. Litir á veggjum séu þannig að dyr skeri sig vel úr.
3. Lýsing sé góð lýsing svo ekki komi endurkast frá gólfi.

4. Tröppur séu með öðrum lit en gólfið.
5. Breytt áferð á gólfi eða motta 1 – 2 metrum frá stiga.
6. Hljóð og hljómburður.

Gátlisti - aðgengi hreyfihamlaðra.

1. Flái á gangstéttum við gangbrautir yfir götu.
2. Aðkoma að húsum á að vera öllum aðgengileg hvort sem um er að ræða íbúðarhús eða opinberar byggingar. Skábraut má ekki vera brattari en 1 á móti 20.
3. Bifreiðastæði merkt með alþjóðamerki fatlaðra þarf að vera sem næst inngangi.
4. Aðgengi inn í byggingar á að vera þannig: Þröskuldur má ekki vera hærri en 2 cm. og breidd á dyraopi þarf að vera minnst 80 – 90 cm. Dyr þurfa að vera opnanlegar með hnappi eða sjálfvirkum búnaði.
5. Ef ekki er lyfta í húsi sem er meira en 1 hæð má setja stigalyftu.
6. Handrið við stiga þarf að vera sívalt þannig að gott grip sé til staðar. Það þarf jafnframt að ná niður fyrir 1. tröppu og upp fyrir síðustu.
7. Bekkir eða hvíldarsæti þurfa að vera fyrir hendi.
8. Tölvuborð og almenningssímar þurfa að vera á lóðréttum brautum svo að hægt sé að stilla hæð þeirra eftir þörfum.
9. Salernisskálar þurfa að vera 80 cm. á hæð og armstoðir við þau. Nægilegt rými þarf að vera beggja vegna fyrir hjólastól og/eða aðstoðarmanneskju.
10. Handlaugar og handþurrkur þurfa að vera í þeirri hæð sem miðast við mann í hjólastól.
11. Hvíldarherbergi.

Gátlisti – þroskaskerðing, dyslexia, ofnæmi o.fl.

1. Myndmál.
2. Talað mál, þ.e. munnleg skilaboð.
3. Auðlesið efni.
4. Vel hugsað um að ekki séu ofnæmisvaldandi efni í byggingum.

Margmiðlun á nýjum sýningum Þjóðminjasafnsins Aðgengi fyrir alla

Það er grundvallaratriði við gerð margmiðlunarefnis eins og við sýningargerðina í heild að aðgengi fyrir alla verði haft í fyrirrími. Í því sambandi er vísað á nýja vefsíðu á heimasíðu Blindrabókasafnsins: <http://www.bbi.is> þar sem finna má leiðbeiningar um gerð vefsíðna

þannig að þær nýtist sem best sjónskertum og þar með öllum notendum. Af þessari síðu eru tengingar á margar aðrar um þetta efni.

Vegna heyrnarskertra þarf að koma fyrir tónmöskvum á hátölurum tölva. Hljóðritað efni verður einnig að liggja fyrir sem texti.

Margmiðlunartexti þarf að vera „lagskiptur“ þannig að hægt sé að velja um mislangar og ítarlegar útgáfur hans og ein útgáfan þarf að vera sniðin að þörfum þeirra sem af einhverjum ástæðum eiga við lestrarörðugleika að stríða. Tölvur og snertiskjáiur þurfa að vera í hæfilegri hæð fyrir

Óskað er eftir því að samvinna verði höfð við vinnuhóp Þjóðminjasafnsins og Öryrkjabandalagsins um aðgengi fyrir alla við hönnun margmiðlunarefnis.

Vegna fræðslu og samstarfs við skóla er æskilegt að eins mikið af margmiðlunarefni sýningarinnar og kostur er sé aðgengilegt á netinu.

Landspítali Háskólasjúkrahús

Öryrkjabandalagið skrifaði stjórn Landspítala Háskólasjúkrahúss vegna kvartana sem borist höfðu bandalaginu um aðgengi að stofnunum spítalans. Stjórn sjúkrahússins hafði samband við ferlinefndina og lýsti yfir að þeim þætti vænt um að fá ábendingar og hjálp við að lagfæra aðgengið.

Einn fundur hefur verið haldinn og kom á hann Þórólfur Óskarsson. Á þeim fundi upplýsti Þórólfur að Framkvæmdasýsla ríkisins hefði með mál byggingar barnspítala að gera og væri það sá aðili sem nefndin þyrfti jafnframt að vinna með. Hann skýrði einnig frá því að við sjúkrahúsið í Fossvogi færu nú fram breytingar á bráðamóttöku og taugalækningadeild sem verður til staðar á annarri hæð sjúkrahússins. Einnig skýrði hann frá gangi framkvæmda við barnspítalann.

Verkefni ferlinefndar ÖBÍ

Í stað þess að vinna eingöngu að aðgengismálum við yfirstandandi breytingu á Þjóðminjasafninu, var nefndinni fundið frekara hlutverk. Eftirfarandi vinnureglur voru settar í samvinnu við framkvæmdastjórn ÖBÍ.

Markmið og starf nefndarinnar

- Að tryggja aðgengi fyrir alla sem víðast í samfélaginu.

Hlutverk ferlinefndar

- Að eiga samstarf við hönnuði og eigendur nýbygginga um aðgengi fyrir alla.
- Að eiga samstarf við eigendur um breytingu á eldra húsnæði með það að leiðarljósi að tryggja aðgengi.
- Að sýna aðhald með því að koma með ábendingar og athugasemdir um aðgengi og fara fram á úrbætur.

- Að taka til umfjöllunar þau erindi sem varða aðgengi og berast nefndinni.

Verkefni:

- Í samvinnu við framkvæmdastjórn ÖBÍ sendi nefndin bréf til ráðuneyta þar sem vitnað er í skýrslu starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins um menningar- og tómstundastörf fatlaðra og svör fengin um úrbætur.
- Gerð gátlista fyrir kjörstaði í komandi kosningum:
 - hæð á borðum
 - kjörseðlar
 - upplýsingar um frambjóðendur
- Taka fyrir aðgengi að kirkjum, bönkum og öðrum þjónustustofnunum.
- Leita eftir samvinnu við sveitarfélög og þjóðgarða um bætt aðgengi.
- Senda bréf sem víðast með fyrirspurn um stefnu í aðgengismálum.

Fyrirspurnir formanns ferlinefndar til ráðuneyta

Hr. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra

Efni: Aðgengi að menningu og menningarviðburðum

Undirrituð er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í Nordiska Handikappolitiska rådet sem hefur m.a. það hlutverk að vera ráðgefandi og stefnumótandi aðili fyrir Norræna ráðherraráðið, samstarfsaðila þess og stofnanir. Helsta verkefni ráðsins er að stuðla að hugmyndaríku og skapandi starfi á Norðurlöndum með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi. Hefur m.a. verið efnt til árlegrar samkeppni um aðgengi þar sem öll Norðurlöndin hafa rétt á þátttöku. Í ár var efnt til samkeppni um aðgengi að söfnum og verða úrslit gerð kunna á Bok och bibliotekmässan í Gautaborg 14. september nk.

Vegna þátttöku minnar í þessu samstarfi hef ég kynnt mér nokkuð aðgengismál hér heima er snúa að menningu og menningarviðburðum. Mjög víða virðist pottur brotinn í aðgengismálum meðal menningarstofnanna hér á landi og ekki liggja fyrir áætlanir um hvernig og hvenær skuli bætt úr aðgengi. Nægir þar að nefna svör menningarstofnanna sem ráðuneytið sendi erindi til árið 1999, þar sem spurt var um aðgengi fatlaðra að viðkomandi stofnunum.

Í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins 1999-2003, Menntun og menning fyrir alla, kemur fram að allir landsmenn skuli eiga þess

kost að taka þátt í öflugri lista- og menningarlífi. Markmið áætlunar sé skýrt, menntun og menning fyrir alla.

Í ljósi þessarar áætlunar vil ég leggja fram þá fyrirspurn hvort ráðuneytið sjái sér fært að skipa starfshóp sem hefði það að markmiði að kortleggja stöðuna í aðgengismálum að menningu og menningarviðburðum, vinna að stefnumótun og leggja fram framkvæmdaáætlun þar sem skilgreint væri hvernig og hvenær skuli unnið að úrbótum í aðgengismálum. Starfshópur sem þessi hefði náði samstarf við hagsmunasamtök fatlaðra til að tryggja sem best þarfir sem flestra.

Félagsmálaráðuneytið

Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri.

Efni: Skýrsla starfshóps um menningar og tómstundastörf fatlaðra

Undirrituð er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í Nordiska Handikapppolitiska rådet sem hefur m.a. það hlutverk að vera ráðgefandi og stefnumótandi aðili fyrir Norræna ráðherraráðið, samstarfsaðila þess og stofnanir. Helsta verkefni ráðsins er að stuðla að hugmyndaríku og skapandi starfi á Norðurlöndum með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi. Hefur m.a. verið efnt til árlegrar samkeppni um aðgengi þar sem öll Norðurlöndin hafa rétt á þátttöku.

Þann 14. september nk. mun ég flytja erindi á málþingi sem haldið er í tengslum við afhendingu á Norrænum aðgengisverðlaunum „Aðgengi að söfnum“ og kemur það í minn hlut að fjalla um aðgengi að menningu og menningarviðburðum á Íslandi, hver sé stefna stjórnvalda og hvað hafi áunnist í þessum málaflokki.

Árið 1999 gaf félagsmálaráðuneytið út skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Í skýrslunni segir að skipun starfshópsins megi rekja til þingsályktunartillögu sem var samþykkt á Alþingi 4. júní 1996 og var svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista- og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu, og gera tillögur um úrbætur.

Í skýrslunni er fjöldi tillagna og ábendinga sem eru byggðar á þeim upplýsingum og athugunum sem starfshópurinn aflaði sér.

Fyrirspurn mín er hvort félagsmálaráðuneytið hafi unnið eitthvað frekar úr skýrslu starfshópsins og hvort til sé framkvæmdaáætlun, byggð á niðurstöðum úr skýrslunni, um úrbætur í aðgengismálum fatlaðra að menningu og menningarviðburðum.

Einnig eru allar aðrar ábendingar vel þegnar um stefnu ráðuneytisins í aðgengi fatlaðra að menningu og

menningarviðburðum. Er vinsamlega farið fram á að svar berist
eins fljótt og kostur er.

Guðríður Ólafsdóttir
félagsmálafulltrúi ÖBÍ

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Rekstrarreikningur ársins 2001.

	<u>2001</u>	<u>2000</u>
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>		
Íslensk Getspá . Kr.	144,040,000.00	Kr. 138,040,000.00
		00
	<u>Kr. 144,040,000.00</u>	<u>Kr. 138,040,000.00</u>
<u>REKSTRARGJÖLD:</u>		
Laun og launatengd gjöld . Kr.	18,952,107.00	Kr. 16,351,503.00
		0
Annar rekstrarkostnaður . "	13,421,964.00	" 9,780,268.00
Fréttabréf . "	3,918,056.00	" 7,481,548.00
Fyrningar . "	342,139.00	" 207,959.00
	<u>Kr. 36,634,266.00</u>	<u>Kr. 33,821,278.00</u>
		0
<u>Styrkir og framlög:</u>		
Hússjóður Öryrkjabandalagsins, framlag . Kr.	70,040,000.00	Kr. 62,040,000.00
		0
Vinnustaðir Öryrkjabandalagsins . "	0.00	" 1,000,000.00
Aðildarfélög . "	17,000,000.00	" 14,050,000.00
		0
Aðrir styrkir . "	3,908,779.00	" 3,162,169.00
	<u>Kr. 90,948,779.00</u>	<u>Kr. 80,252,169.00</u>
		0
<u>Fjármagnstekjur og gjöld:</u>		
Vaxtatekjur og verðbætur . Kr.	2,709,156.00	Kr. 1,472,175.00
Vaxtagjöld og verðbætur . "	(18,722.00)	" (765,813.00)
(Gjöld) tekjur vegna verðbreytinga . "	(1,549,574.00)	" 244,894.00
	<u>Kr. 1,140,860.00</u>	<u>Kr. 951,256.00</u>
<u>Óreglulegar tekjur og (gjöld):</u>		
Gjöf . "	0.00	" 1,500.00
	<u>Kr. 0.00</u>	<u>Kr. 1,500.00</u>
		0
Hagnaður . Kr.	<u>17,597,815.00</u>	<u>Kr. 24,919,309.00</u>
		0

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

EIGNIR:

<u>FASTAFJÁRMUNIR:</u>	2001	2000
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Skuldabréfaeign . Kr.	17,266,144.00	Kr. 6,700,556.00
Stofnframlög . "	780,000.00	" 780,000.00
	Kr. 18,046,144.00	Kr. 7,480,556.00
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Vélar og tæki . Kr.	1,375,657.00	Kr. 1,018,668.00
	Kr. 1,375,657.00	Kr. 1,018,668.00
FASTAFJÁRMUNIR SAMTALS	Kr. 19,421,801.00	Kr. 8,499,224.00

VELTUFJÁRMUNIR:

Handbært fé:		
Innistæður í bönkum . Kr.	21,034,107.00	Kr. 16,946,717.00
	Kr. 21,034,107.00	Kr. 16,946,717.00
		0
Skammtímakröfur:		
Vinnustaðir Öryrkjabandalagsins . Kr.	2,494,892.00	Kr. 2,494,892.00
Íslensk Getspá . "	20,640,000.00	" 14,400,000.00
	Kr. 23,134,892.00	Kr. 16,894,892.00
		0
VELTUFJÁRMUNIR SAMTALS	Kr. 44,168,999.00	Kr. 33,841,609.00
		0
EIGNIR SAMTALS	Kr. 63,590,800.00	Kr. 42,340,833.00
		0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, neikvætt:

EIGIÐ FÉ, neikvætt:		
Höfuðstólsreikningur . Kr.	40,889,119.00	Kr. 23,291,304.00
	" 4,842,573.00	" 3,205,292.00
EIGIÐ FÉ, SAMTALS	Kr. 45,731,692.00	Kr. 26,496,596.00
		0
SKAMMTÍMASKULDIR:		
Ógreiddur kostnaður . Kr.	2,271,786.00	Kr. 2,864,659.00
Hússjóður Öryrkjabandalagsins . "	15,587,322.00	" 12,979,578.00
	Kr. 17,859,108.00	Kr. 15,844,237.00
SKAMMTÍMASKULDIR SAMTALS	Kr. 17,859,108.00	Kr. 15,844,237.00
		0

SKULDIR SAMTALS Kr. 17,859,108.00 Kr. 15,844,237.0
0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS Kr. 63,590,800.00 Kr. 42,340,833.0
0

VINNUSTADIR ÖRYRKJABANDALAGSINS

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2001

	<u>2001</u>	<u>2000</u>
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>		
Seld vinna og efni . Kr.	46,408,043.00	Kr. 38,734,647.00
		0
REKSTRARTEKJUR SAMTALS Kr.	<u>46,408,043.00</u>	<u>Kr. 38,734,647.00</u>
		0
<u>REKSTRARGJÖLD:</u>		
Efnisnotkun . Kr.	13,055,233.00	Kr. 10,995,538.00
		0
Laun og launatengd gjöld . "	31,797,607.00	" 27,678,362.00
		0
Annar rekstrarkostnaður . "	10,075,085.00	" 8,508,992.00
Fyrningar . "	548,127.00	" 438,127.00
REKSTRARGJÖLD SAMTALS Kr.	<u>55,476,052.00</u>	<u>Kr. 47,621,019.00</u>
		0
<u>FJÁRMAGNSTEKJUR OG -(GJÖLD):</u>		
Vaxtatekjur og verðbætur . Kr.	458,837.00	Kr. 218,533.00
Vaxtagjöld og verðbætur . "	(277,785.00)	" (254,639.00)
Gjöld vegna verðbreytinga . "	(697,679.00)	" (223,331.00)
FJÁRMAGNSTEKJUR OG -(GJÖLD) SAMTALS Kr.	<u>(516,627.00)</u>	<u>Kr. (259,437.00)</u>
		0
<u>ÓREGLULEGAR TEKJUR:</u>		
Framlag ríkissjóðs . Kr.	10,700,000.00	Kr. 10,200,000.00
		0
Framlag frá Öryrkjabandalagi Íslands . "	0.00	" 1,000,000.00
Styrkur, Félagsmálaráðuneytið . "	187,500.00	" 562,500.00
ÓREGLULEGAR TEKJUR SAMTALS Kr.	<u>10,887,500.00</u>	<u>Kr. 11,762,500.00</u>
		0
HAGNAÐUR . Kr.	<u>1,302,864.00</u>	<u>Kr. 2,616,691.00</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

EIGNIR:

<u>FASTAFJÁRMUNIR:</u>	2001	2000
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Tölvur, áhöld og innréttingar . Kr.	926,962.00	Kr. 1,210,179.00
Vélar og áhöld . "	1,073,620.00	" 692,820.00
FASTAFJÁRMUNIR SAMTALS Kr.	<u>2,000,582.00</u>	<u>Kr. 1,902,999.00</u>

<u>VELTUFJÁRMUNIR:</u>		
Handbært fé og skammtímaskuldir:		
Innistæður í bönkum og sjóðum . Kr.	607,932.00	Kr. 574,165.00
Viðskiptakröfur og skuldunautar . "	6,922,539.00	" 5,821,623.00
Efni og framleiðsluvörur . "	9,072,288.00	" 9,061,744.00
VELTUFJÁRMUNIR SAMTALS Kr.	<u>16,602,759.00</u>	<u>Kr. 15,457,532.0</u>

EIGNIR SAMTALS Kr.	<u>18,603,341.00</u>	<u>Kr. 17,360,531.0</u>
		<u>0</u>

EIGIÐ FÉ:

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Endurmatsreikningur . Kr.	3,745,194.00	Kr. 2,883,669.00
Annað eigið fé . "	8,425,321.00	" 7,122,456.00
EIGIÐ FÉ SAMTALS Kr.	<u>12,170,515.00</u>	<u>Kr. 10,006,125.0</u>
		<u>0</u>

<u>SKAMMTÍMASKULDIR:</u>		
Landsbanki Íslands, áv. reikn. 80065 . Kr.	0.00	Kr. 783,034.00
Lánadrottnar . "	2,100,956.00	" 1,151,951.00
Ógreiddur virðisaukaskattur . "	906,443.00	" 1,264,015.00
Ógreidd opinber gjöld starfsmanna . "	487,071.00	" 386,567.00
Ógreidd lífeyrissjóðs og félagsgjöld . "	322,155.00	" 572,029.00
Hússjóður Öryrkjabandalagsins . "	121,309.00	" 701,918.00
Öryrkjabandalag Íslands . "	2,494,892.00	" 2,494,892.00
SKAMMTÍMASKULDIR SAMTALS Kr.	<u>6,432,826.00</u>	<u>Kr. 7,354,406.00</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS Kr.	<u>18,603,341.00</u>	<u>Kr. 17,360,531.0</u>
		<u>0</u>

HRINGSJÁ, STARFSÞJÁLFUN FATLAÐRA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2001

	2001	2000
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>		
Félagsmálaráðuneytið v. samnings .	Kr. 24,246,328.00	Kr. 19,400,000.00
Tryggingastofnun ríkisins v. samnings .	" 8,575,000.00	" 7,394,004.00
Námskeiðagjöld .	" 415,350.00	" 374,100.00
Blindrafélagið vegna námskeiðs .	" 140,000.00	" 0.00
REKSTRARTEKJUR SAMTALS	Kr. 33,376,678.00	Kr. 27,168,104.00
 <u>REKSTRARGJÖLD:</u>		
Laun og launatengd gjöld .	Kr. 25,249,533.00	Kr. 19,309,853.00
Annar rekstrarkostnaður .	" 8,309,771.00	" 8,137,750.00
Fyrningar .	" 1,298,247.00	" 1,331,862.00
REKSTRARGJÖLD SAMTALS	Kr. 34,857,551.00	Kr. 28,779,465.00
 <u>FJÁRMAGNSTEKJUR OG -(GJÖLD):</u>		
Vaxtatekjur og verðbætur .	Kr. 149,729.00	Kr. 128,080.00
Vaxtagjöld og verðbætur .	" (29,828.00)	" (18,118.00)
Tekjur vegna verðbreytinga .	" (132,436.00)	" (41,711.00)
FJÁRMAGNSTEKJUR OG -(GJÖLD) SAMTALS	Kr. (12,535.00)	Kr. 68,251.00
 <u>ÓREGLULEGAR TEKJUR OG -(GJÖLD):</u>		
Öryrkjabandalag Íslands, styrkur .	Kr. 1,000,000.00	Kr. 500,000.00
Styrkur, Starfsmenntasjóður	" 125,000.00	" 0.00
Félagsmálaráðuneytisins		
Landsskrifstofa, Leónardo .	" 612,935.00	" 799,920.00
Gjöf .	" 0.00	" 10,000.00
Kiwanis-umdæmið, styrkur .	" 1,200,000.00	" 0.00
ÓREGLULEGAR TEKJUR OG -(GJÖLD) SAMTALS	Kr. 2,937,935.00	Kr. 1,309,920.00
 HAGNAÐUR (TAP) ársins .		
	Kr. 1,444,527.00	Kr. (233,190.00)

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

EIGNIR:

	<u>2001</u>	<u>2000</u>
<u>FASTAFJÁRMUNIR:</u>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Tölvubúnaður, húsgögn og ýmis áhöld . Kr.	3,522,495.00	Kr. 3,666,334.00
FASTAFJÁRMUNIR SAMTALS Kr.	<u>3,522,495.00</u>	<u>Kr. 3,666,334.00</u>
<u>VELTUFJÁRMUNIR:</u>		
Handbært fé og skammtímakröfur:		
Innstæður í bönkum . Kr.	4,922,789.00	Kr. 2,120,861.00
Félagsmálaráðuneytið . "	0.00	" 483,672.00
Tryggingastofnun ríkisins . "	714,587.00	" 0.00
Viðskiptamenn . "	59,139.00	" 74,324.00
Fyrirframgreidd laun . "	10,595.00	" 200,000.00
VELTUFJÁRMUNIR SAMTALS Kr.	<u>5,707,110.00</u>	<u>Kr. 2,878,857.00</u>
EIGNIR SAMTALS Kr.	<u>9,229,605.00</u>	<u>Kr. 6,545,191.00</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

EIGIÐ FÉ:

Óráðstafað eigið fé . Kr.	4,626,274.00	Kr. 3,181,748.00
Endurmatsreikningur . "	2,470,857.00	" 2,022,750.00
EIGIÐ FÉ SAMTALS Kr.	<u>7,097,131.00</u>	<u>Kr. 5,204,498.00</u>

SKAMMTÍMASKULDIR:

Ógreiddur kostnaður . Kr.	353,900.00	Kr. 432,632.00
Áv.reikn. nr. 36935 v/Landsbanka Íslands . "	0.00	" 45,099.00
Ógreidd opinber gjöld starfsmanna . "	1,122,766.00	" 442,435.00
Ógreidd lífeyrissjóðsgjöld . "	411,685.00	" 200,969.00
Hússjóður Öryrkjabandalagsins . "	244,123.00	" 219,558.00
SKAMMTÍMASKULDIR SAMTALS Kr.	<u>2,132,474.00</u>	<u>Kr. 1,340,693.00</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS Kr.	<u>9,229,605.00</u>	<u>Kr. 6,545,191.00</u>
--	---------------------	-------------------------

HÚSSJÓÐUR ÖRYRKJABANDALAGSINS

Ársreikningur 2001

Rekstrarreikningur ársins 2001

	Skýr.	2001	2000
Rekstrartekjur			
Húsaleigutekjur	6	188,029,739	153,358,534
Söluhagnaður af sölu fasteigna		480,977	3,189,414
		188,510,716	156,547,948
Rekstrargjöld			
Rekstur fasteigna	8	182,595,983	105,315,386
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	21,558,163	20,632,099
Afskrift áhalda og tækja	1	8,387,598	2,277,514
Afskrifaðar útistandandi kröfur		602,409	760,833
		213,144,153	128,985,832
Hagnaður fyrir reiknaða afskrift fasteigna		(24,633,437)	27,562,116
Reiknuð afskrift fasteigna	1	(57,903,945)	(57,478,023)
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(82,537,382)	(29,915,907)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		13,422,907	14,349,413
Arður af hlutabréfum		1,051	3,548
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(107,892,481)	(51,608,523)
Fjármagnstekjuskattur		(1,850,397)	(2,609,488)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		88,021,260	36,557,609
		(8,297,660)	(3,307,441)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		(90,835,042)	(33,223,348)
Óreglulegar tekjur og (gjöld)			
Aðrar tekjur	7	70,040,000	62,040,000
Hagnaður (tap) ársins		(20,795,042)	28,816,652

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	Eignir	Skýr.	2001	2000
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstarfjármunir:				
	1			
Fasteignir eignfærðar við fasteignamat			2,895,197,248	2,887,617,304
Fasteignir eignfærðar á kostnaðarverði			353,034,465	0
Byggingakostnaður fasteigna			98,746,052	296,957,918
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld			4,910,614	3,388,514
			3,351,888,379	3,187,963,736
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
	2			
Hlutabréf			677,767	376,166
Hlutabréfasjóðir			5,085,934	10,288,838
Verðbréf			131,504,644	111,936,448
			137,268,345	0 122,601,452
Fastafjármunir samtals			3,489,156,724	3,310,565,188
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur			10,813,134	6,789,720
Aðrar skammtímakröfur			20,999,072	22,815,442
Handbært fé			87,454,147	29,315,934
			119,266,353	58,921,096
Eignir samtals			3,608,423,077	3,369,486,284

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	Eigið fé og skuldir	Skýr.	2001	2000
Eigið fé				
	3			
Endurmatsreikningur			799,320,765	872,647,330

Óráðstafað eigið fé		1,452,712,476	1,415,603,573
		2,252,033,241	2,288,250,903
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	4	0	3,515,901
		0	3,515,901
Langtímaskuldir:			
Íbúðalánasjóður	5	1,330,695,732	1,047,227,265
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		(34,653,217)	(27,661,760)
		1,296,042,515	1,019,565,505
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		9,535,732	26,352,940
Aðrar skammtímaskuldir		12,160,268	4,139,275
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		34,653,217	27,661,760
		56,349,217	58,153,975
Skuldir samtals		1,352,391,732	1,081,235,381
Eigið fé og skuldir samtals		3,604,424,973	3,369,486,284